



Fjórðungssamband  
Vestfirðinga



Þinggerð 58. Fjórðungspings Vestfirðinga  
haldið í Trékyllisvík í Árneshreppi

11.-12. október 2013

**Efnisyfirlit**

Yfirlit yfir Fjórðungsping Vestfirðinga.....	3
Þinggerð 58. Fjórðungspings Vestfirðinga.....	5
Gestir og fulltrúar á Fjórðungspingi.....	19
Þingskjal 1.....	21
Þingskjal 2.....	22
Þingskjal 3a.....	22
Þingskjal 3b.....	24
Þingskjal 3c.....	24
Þingskjal 4.....	25
Þingskjal 4a.....	27
Þingskjal 4b.....	28
Þingskjal 4c.....	28
Þingskjal 5.....	28
Þingskjal 6.....	28
Þingskjal 7.....	28
Þingskjal 8.....	29
Þingskjal 9.....	29
Þingskjal 10.....	30
Þingskjal 11.....	30
Þingskjal 12.....	31
Þingskjal 13.....	31
Þingskjal 14.....	32
Þingskjal 15.....	33
Þingskjal 16.....	33
Þingskjal 17.....	33
Þingskjal 18.....	33
Þingskjal 19.....	34

## 58. FJÓRDUNGSPING VESTFIRDINGA

Haldið 11. og 12. október 2013 í Trékyllisvík

Pinggerð

---

Þingskjal 20.....	37
Þingskjal 21.....	38
Þingskjal 22.....	39
Þingskjal 23.....	39
Þingskjal 24.....	39
Þingskjal 25.....	39
Þingskjal 26.....	40
Þingskjal 27.....	41
Þingskjal 28.....	41
Þingskjal 29.....	42
Þingskjal 30.....	42
Þingskjal 31.....	42
Þingskjal 32.....	43
Þingskjal 33.....	43
Þingskjal 34.....	44
Þingskjal 35.....	45
Þingskjal 36.....	45
Þingskjal 37.....	45
Þingskjal 38.....	46
Þingskjal 39.....	47
Þingskjal 40.....	47
Þingskjal 41.....	47
Þingskjal 42b.....	50
Þingskjal 42a.....	50
Þingskjal 42c.....	50
Þingskjal 43.....	52

**Yfirlit yfir Fjórðungsping Vestfirðinga**

<b>Nr.</b>	<b>Ár</b>	<b>Þingstaður</b>	<b>Þingdagar:</b>
1.	1949	Ísafjörður	8. og 9. nóvember
2.	1950	Hólmavík	13. og 14. september
3.	1951	Bjarkalundur	8. og 9. september
4.	1952	Bjarkalundur	10. og 11. september
5.	1953	Bjarkalundur	5. og 6. september
6.	1955	Bjarkalundur	10. og 11. september
7.	1957	Bjarkalundur	31. ágúst og 1. september
8.	1959	Ísafjörður	5. og 6. september
9.	1961	Bjarkalundur	2. og 3. september
10.	1963	Bjarkalundur	31. ágúst og 1. september
11.	1965	Hrafseyri	28. og 29. ágúst
12.	1967	Hrafseyri	2. og 3. september
13.	1969	Ísafjörður	6. og 7. september
14.	1970	Bjarkalundur	18. og 19. júlí
15.	1970	Ísafjörður	12. september
16.	1971	Ísafjörður	4. og 5. september
17.	1972	Patreksfjörður	2. og 3. september
18.	1973	Núpur í Dýrafirði	7. og 8. september
19.	1974	Bolungarvík	23. og 24. ágúst
20.	1975	Laugarhóll í Bjarnafirði	13. og 14. september
21.	1976	Reykjanes	11. og 12. september
22.	1977	Ísafjörður	26. og 27. ágúst
23.	1978	Króksfjarðarnes	2. og 3. september
24.	1979	Patreksfjörður	18. og 19. ágúst
25.	1980	Bolungarvík	16. og 17. ágúst
26.	1981	Laugarhóll í Bjarnafirði	29. og 30. ágúst
27.	1982	Suðureyri	4. og 5. september
28.	1983	Reykjanes	27. og 28. ágúst
29.	1984	Ísafjörður	8. og 9. september
30.	1985	Reykhólar	30. og 31. ágúst
31.	1986	Ísafjörður	22. og 23. ágúst
32.	1987	Reykjanes	4. og 5. september

## 58. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 11. og 12. október 2013 í Trékyllisvík

Pinggerð

---

33.	1988	Ísafjörður	23. og 24. september
34.	1989	Ísafjörður	28. og 29. apríl
35.	1990	Ísafjörður	31. ágúst og 1. september
36.	1991	Ísafjörður	31. maí og 1. júní
37.	1992	Ísafjörður	8. og 9. maí
38.	1993	Birkimelur	3. og 4. september
39.	1994	Ísafjörður	19. og 20. ágúst
40.	1995	Ísafjörður	31. mars og 1. apríl
41.	1996	Ísafjörður	25. og 26. apríl
42.	1997	Ísafjörður	29. og 30. ágúst
43.	1998	Ísafjörður	26. og 27. september
44.	1999	Tálknafjörður	8. og 9. október
45.	2000	Súðavík	22.-24. september
46.	2001	Reykhólar	24. og 25. ágúst
47.	2002	Bolungarvík	30. og 31. ágúst
48.	2003	Reykjanes	5. og 6. september
49.	2004	Ísafjörður	3. og 4. september
50.	2005	Patreksfjörður	2. og 3. september
51.	2006	Súðavík	1. og 2. september
52.	2007	Tálknafjörður	7. og 8. september
53.	2008	Reykhólar	5. og 6. september
54.	2009	Ísafjörður	4. og 5. september
55.	2010	Hólmavík	3. og 4. september
56.	2011	Bolungarvík	2. og 3. september
57.	2012	Bíldudal	4. og 5. október

Aukaþing um orkumál var haldið að Núpi í Dýrafirði þann 14. júní 1975.

Málþing Fjórðungssambandsins var haldið þann 25. október 1996.

Aukaþing um samgöngumál haldið á Ísafirði 26. október 2001.

Aukaþing um stoðkerfi atvinnu og byggðar, haldið á Ísafirði 25. nóvember 2011

## Þinggerð 58. Fjórðungspings Vestfirðinga

Árið 2013, föstudaginn 11. október kl. 9:00, var 58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í félagsheimilinu Ánesi í Trékyllisvík í Árneshreppi.

### 1. Þingsetning

Albertína Elíasdóttir, formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna. Bar hún upp tillögu að þingforseta og varaþingforseta. Þingforseti var kosinn Björn Torfason sveitarstjórnarmaður í Árneshreppi og varaþingforseti var kosin Jenný Jensdóttir oddviti Kaldrananeshrepps.

Tók þingforseti, Björn Torfason, við stjórn fundarins og bar upp tillögu að þingriturum. Þingritarar voru kosnir Díanna Jóhannsdóttir og Lína Björg Tryggvadóttir starfsmenn þingsins.

Þá bar þingforseti upp tillögu að eftirfarandi nefndum og nefndarformönnum:

#### Kjörnefnd

Ásgeir Jónsson, Tálknafjarðarhreppi, formaður  
Jón Gísli Jónsson, Strandabyggð  
Sigurður Pétursson, Ísafjarðarbæ  
Guðfinna Hreiðarsdóttir, Ísafjarðarbæ  
Jenný Jensdóttir, Kaldrananeshreppi

#### Kjörbréfanefnd

Eyrún Ingibjörg, Tálknafjarðarhreppi, formaður  
Oddný S. Þórðardóttir, Árneshreppi  
Óskar Torfason, Kaldrananeshreppi

#### Fjórðungsmálanefnd

Andrea Björnsdóttir, Reykhólahreppi, formaður

#### Allsherjarnefnd

Gísli Halldór Halldórsson, Ísafjarðarbæ, formaður

#### Fjármálanefnd

Elías Jónatansson, Bolungarvíkurkaupstað, formaður

Allar tillögur þingforseta voru samþykktar með lófataki.

### 2. Skýrsla stjórnar

Þingforseti gaf nú Albertínu Elíasdóttur formanns stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga orðið og flutti hún skýrslu stjórnar. Í skýrslunni fór formaður yfir störf stjórnar á árinu en mörg veigamikil verkefni hafa verið á borði Fjórðungasambandsins. Þakkaði hún

starfsmönnum Fjórðungssambands Vestfjarða fyrir gott starf og fór yfir stærstu verkefni sem sambandið hefur unnið að. Benti hún á að sameining Markaðsstofu og Menningarráðs við FV hafi gengið mjög vel.

Vísast hér að öðru leyti til þingskjals númer 4.

Þingforseti gaf þá Jóni Jónssyni menningarfulltrúa Fjórðungssambandsins orðið.

### 3. Skýrsla menningarfulltrúa

Jón Jónsson menningarfulltrúi fór yfir skýrslu Menningarráðs fyrir árið 2012 og mikilvæg verkefni framundan. Jón þakkaði sveitarstjórnarmönnum og samstarfsfólki fyrir gott samstarf og Arnari S. Jónssyni fráfarandi varaformanni Menningarráðs fyrir góð störf.

Vísast hér að öðru leyti til þingskjals númer 4a.

Þingforseti gaf þá Díönu Jóhannsdóttur markaðsfulltrúa Fjórðungssambandsins orðið.

### 4. Skýrsla markaðsfulltrúa

Díana Jóhannsdóttir markaðsfulltrúi kynnti þá vinnu og verkefni sem Markaðsstofa Vestfjarða sinnir.

Vísast hér að öðru leyti til þingskjals númer 4b.

Þingforseti gaf þá Shiran Þórisyni framkvæmdastjóra AtVest orðið.

### 5. Skýrsla Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða 2013

Shiran K. Þórisson, framkvæmdastjóri AtVest fór yfir starfssvið félagsins og kynnti starfskýrslu þess fyrir árið 2012 og rekstraráætlun 2013.

Vísast hér að öðru leyti til þingskjals númer 4c.

Þingforseti gaf orðið laust vegna þessara skýrslna og bað Sigurður Pétursson Ísafjarðarbæ um orðið.

Sigurður þakkaði greinargóðar skýrslur. Hann fjallaði um hina alvarlegu stöðu á veiðum á úthafsækju og þá hugmyndir sjávarútvegsráðherra um fyrirkomulag veiða á úthafsækju. Hann benti einnig á lækkanir sem sveitarfélögin urðu fyrir í fjárlögum 2014 og því verði sveitarfélögin af fleiri hundruð milljónum. Hann sagði að nú værum við komin á sama stað og var fyrir hrun og því þurfi að hugsa vel um hvert næsta skref ætti að vera. Halda þyrfti uppi merki vestfirskra samfélaga þar sem verið er að svipta þau því sem áður var fengið. Því þurfi að senda skilaboð af þessu þingi um byggðamál og rækjukvóta.

Ekki óskuðu fleiri að taka til máls.

## **6. Ársreikningar og fjárhagsáætlanir**

Jón Jónsson kynnti ársreikning Menningarráðs 2012 sem er síðasti sjálfstæði ársreikningur ráðsins, þar sem rekstur Menningarráðs var sameinaður rekstri FV um síðastliðin áramót.

Aðalsteinn Óskarsson tók til máls og fór yfir ársreikninga fyrir Markaðsstofu Vestfjarða og Fjórðungssamband Vestfirðinga fyrir árið 2012 og gerði grein fyrir álitum endurskoðenda. Hann fór yfir helstu verkefni sambandsins sem voru nýtingaráætlun strandsvæða, sóknaráætlun landshluta og undirbúningur IPA-verkefna. Aðalsteinn lagði til að ársreikningum yrði vísað til Fjárhagsnefndar.

Aðalsteinn gerði þá grein fyrir endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2013 og rekstraráætlun fyrir árið 2014 og lagði til að þeim yrði vísað til Fjárhagsnefndar.

Þingforseti gaf orðið laust fyrir umræðu um reikninga og fjárhagsáætlanir.

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri Reykhólahrepps spurði hvort samþykkt þingsins á endurskoðaðri áætlun myndi breyta fjárhagsáætlunum sveitarfélaga á þessu ári, en slíkt kallaði á gerð viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélaganna. Aðalsteinn sagði að endurskoðuð áætlun ársins myndi ekki leiða til hækkunar og þar með breytinga á fjárhagsáætlun sveitarfélaganna. Hann sagði síðan að það væri hans skilningur, með vísan til nýrra sveitarstjórnarlaga, að þingið mætti ekki skuldbinda sveitarfélögin en gerði tillögu sem færi til umræðu í sveitarstjórnnum og afgreidd þaðan.

Þingforseti bar þá upp tillögu um að þingskjölum 3a, 3b og 3c yrði vísað til Fjárhagsnefndar, tillagan samþykkt samhljóða.

Vísast hér að öðru leyti til þingskjala númer 3a, 3b og 3c.

### ***Kaffihlé***

## **6. Skýrsla stjórnar BsVest, ársreikningur 2012, endurskoðuð fjárhagsáætlun 2013 og fjárhagsáætlun 2014**

Sif Huld Albertsdóttir verkefnastjóri fór yfir skýrslu stjórnar BsVest.

Aðalsteinn fór yfir ársreikning BsVest fyrir árið 2012, endurskoðaða fjárhagsáætlun 2013 og fjárhagsáætlun 2014. Hann lagði til að varasjóður yrði nýttur og ábyrgð á þeim málum sem hann hefði annars verið nýttur til að takast á við yrði færð til sveitarfélaganna. Þá þurfa sveitafélög að vera tilbúin að grípa inn í þegar þarf á að halda og greiða meira ef þarf.

Vísast hér að öðru leyti til þingskjals númer 5.

Þingforseti gefur orðið laust um skýrslu stjórnar BsVest og bað Jenný Jensdóttir Kaldrananeshreppi um orðið og talaði um yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra. Hún sagði að skjólstæðingar telji sig ekki hafa fengið þá þjónustu frá ríkinu sem þeir áttu rétt á að



fá, fyrir yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaganna. Hún telur að sveitarfélögin þurfi að fá meiri tekjur frá ríkinu vegna þessarar þjónustu.

Elías Jónsson bæjarstjóri Bolungarvíkur bað um orðið og vísaði í orð Jennýjar Jensdóttur. Hann telur að það sé mikilvægt, ef þjónustan er takmörkuð af tekjunum sem koma frá ríkinu, að það þurfi þá að skoða hvort að það sé dulinn kostnaður sem komi inn til sveitarfélagana vegna yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra. Ef aðilar sem þurfi á aðstoð að halda séu ekki með rétta greiningu sé hætt á að sveitarfélagið þurfi að greiða meira með þeim einstaklingum en gert er ráð fyrir frá Jöfnunarsjóði. Því þurfi að fara í markvissa skoðun á þessum þætti.

Halldór Halldórsson bað um orðið og vildi bregðast við því sem áður hefur komið fram. Hann sagði að í raun væru árin 2011 og 2012 tilraunaár í málefnum fatlaðra og flutningi þess málefnis frá ríki til sveitarfélaga. Hann sagði að ákveðin reynsla væri komin frá flutningi grunnskólanna. Hann benti einnig á að beingreiðslur munu falla út á næsta ári. Komið er á munnlegt samkomulag við ráðuneytið um hækkun um 0,04% á útsvari ársins 2014 á móti samsvarandi tekjuskattslækkun. Halldór telur að jafnvel þurfi að framlengja þessum samningi um 1 ár. Hann tekur því undir að það þurfi að greina þetta alveg ofan í kjölinn til að finna bestu lausn. Hann bendir á að þjónusta við fatlaða hafi aukist frá því að hún var hjá ríkinu.

Sif Huld Albertsdóttir verkefnastjóri BsVest bað um orðið og sagði að það væri í gangi vinna við SIS mat þar sem einstaklingar eru greindir, en það séu einstaklingar sem þurfa að fá betri greiningu. Það þurfi að skoða með hverju sveitarfélagi fyrir sig.

### 7. Skýrsla fastanefndar um samgöngumál

Sigurður Pétursson, formaður fastanefndar um samgöngumál, tók til máls og kynnti skýrslu nefndarinnar og fór yfir brýnustu verkefni í þeim málum. Samgöngunefnd á að samræma sjónarmið sveitarstjórna í málefnum varðandi vegamál, flugmál og fjarskipti.

Sigurður bendir á að það væri verkefni fyrir Byggðapróunardeild FV að finna út úr því hvaða leiðir eru færar til að fá gott netsamband á alla byggðakjarna á Vestfjörðum.

Hann þakkaði nefndarmönnum samstarfið og sagði að vonandi muni Vestfirðir bera gæfu til að halda áfram á þeirri braut sem þeir eru komnir á.

Vísast hér að öðru leyti til þingskjals númer 6.

Opnað fyrir umræðu um skýrsluna og bað Ásthildur Sturludóttir frá Vesturbyggð um orðið. Ásthildur þakkaði Sigurði fyrir erindið og þakkaði einnig heimamönnum fyrir gestrisnina. Ásthildur bendir á að það koma 30 þúsund gestir að skoða Látrabjarg, en vegurinn þangað er mjög slæmu ástandi og þolir ekki þessa umferð. Einnig er vegurinn í Selárdal mjög slæmur. Hún benti á að hver mánuður sem liði væri erfiður fyrir flugrekstaraðila þar sem framlög til samninga um áætlunarflug væru ekki nægilega há. Hins vegar væru gjöld og skattar á flugfarþega orðin alltof há. Flugmálin eru hagsmunamál fyrir Vestfirðinga og því þurfi að

berjast fyrir því að halda flugi á Vestfjörðum. Ásthildur sagði frá því að búið væri að biðja innanríkisráðherra um að gera göng undir Hálfán.

Jón Jónsson í Strandabyggð bað um orðið. Hann þakkaði greinargóða skýrslu en sagðist sakna í þessari umræðu að talað sé um vegþjónustuna sjálfa og þá sérstaklega snjómokstur um vegi og heiðar. Það að vegir séu ekki mokaðir alla daga kosti t.d. mikið álag á björgunarsveitir og sé einnig fyrirstaða fyrir eflingu ferðþjónustu. Það væri hagsmunamál fyrir sveitafélögin öll ef þjónusta á öllum vegum á Vestfjörðum yrði hækkuð um einn þjónustuflokk.

Oddný Þórðardóttir oddviti í Árneshreppi tók til máls og tók fram að hún styður heilshugar kröfu um að þjónustuflokkar á vegum á Vestfjörðum yrðu hækkaðir um eitt þjónustustig. Hún ræddi vegagerð í Árneshrepp og benti jafnframt á að búið sé að biðja oft um að fá göng úr botni Reykjafjarðar yfir í Trékyllisvík.

### *Hádegishlé*

## **8. Erindi Þórodds Bjarnasonar, formanns stjórnar Byggðastofnunar: Byggðastefna Íslands og sóknarfæri Vestfjarða**

Þóroddur Bjarnason, formaður stjórnar Byggðastofnunar, hélt erindi um byggðamál á Vestfjörðum, byggðastefnu, atvinnumál og nýsköpun og þróun þéttbýlis og strjálbýlis á Íslandi.

Í máli Þórodds kom m.a. fram að vandamálin þurfi að nálgast með því að spyrja íbúa hreint út hvað þurfi að gera. Vilja þeir vera eða fara? Byggðastefna sé ekki fyrir hús heldur fólk. Til að gera heildstæða byggðastefnu þarf að samþætta áætlanir, skilgreina byggðastefnuna í grunngerðina, skilgreina og styrkja byggðastefnu í atvinnumálum og sjá hver byggðastefna í opinberri þjónustu á að vera og hvernig eigi að nota þær sértæku aðgerðir sem eru til.

Kristján Andri Guðjónsson í Ísafjarðarbæ bað um orðið og spurði um úthafsþrækjuveiðar og hvert væri virði þess kvóta sem Byggðastofnun á.

Þóroddur sagði að Byggðastofnun ætti um 12,2% af úthafsþrækjukvótanum. Sagði að erfitt væri að ákveða virði hans nema fara út í sölu eða leigu.

Bjarni Jónsson frá SSNV spurði hvort að Byggðastofnun væri búin að afskrifa þennan kvóta. Þóroddur sagði að virði hans væri óljóst og ekkert sem Byggðastofnun gæti gert til að afskrifa hann, þetta væri opinbert fé. Ríkið yrði því að ákveða hvað yrði gert.

Elías Jónatansson í Bolungarvíkurkaupstað spurði hvenær sveitarfélag væri metið þannig að það þurfi ríkishjálp. Hver taki þá ákvörðun.

Halldór Halldórsson tók til máls og sagði að það væri einnig hægt að nálgast þetta málefni þannig, að meta hvað þurfi að gera í atvinnuþróun til að koma byggðalögum til hjálpar.

## 58. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 11. og 12. október 2013 í Trékyllisvík

Pinggerð

Þóroddur sagði að það væri ekki gott fyrir samfélag að vera háð einni grein. Hægt væri t.d. að styrkja byggðir með byggðakvótanum ef hann væri merktur þannig að hann mætti nýta í styrkingu byggðar og rynni ekki út.

Eva Sigurbjörnsdóttir í Árneshreppi rifjaði upp að hreppurinn átti samkvæmt ákvörðun Alþingis að fá aðstoð til uppbyggingar með sértækum aðgerðum. Árneshreppur er jaðarbyggð og sagði Eva að íbúar þyrftu að finna að þeir hafi einhvern bakstuðning. Hreppurinn bíður eftir aðgerðum en þær láti enn bíða eftir sér.

Þóroddur segir að Byggðastofnun hafi í raun lítið sem ekkert skipt sér af sveitum, en það kannski breytist núna þar sem þessi málefni eru komin í sama ráðuneyti.

Lilja Rafney Magnúsdóttir áttundi þingmaður Norðvesturkjördæmis tók til máls og bar kveðju frá öðrum þingmönnum og þakkaði Þóroddi fyrir fróðlegt erindi. Hún sagði að íbúum hefði fækkað á Vestfjörðum á síðustu 100 árum úr 13 þúsund niður í 7 þúsund. Hún spurði hvort tölur um aldurssamsetningu á Vestfjörðum liggi fyrir og skoðað væri hvaða aðgerðir gætu hjálpað við að ná unga fólkinu aftur á svæðið. Lilja nefndi til dæmis hvort umbætur varðandi háhraðanettengingar á svæðinu myndu duga til að ná yngra fólkinu aftur á svæðið.

Þóroddur sagði að aldurshópurinn frá 20-40 sé mjög hreyfanlegur. Viðfangsefnið sé ekki hvernig hægt sé að halda unga fólkinu heima, heldur hvernig megi fá unga fólk til að flytja aftur heim eða nýja aðila til að flytja inn á svæðið. Þetta sé verkefni sem Byggðastofnun leysi ekki ein og sér.

Daníel Jakobsson bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ spyr hvernig Þóroddur sjái fyrir sér næstu skref.

Þóroddur segir að ólíkir aðilar þurfi hver og einn að móta sýn á svæðið og finna hvað þeir geti lagt af mörkum til jákvæðrar byggðapróunar. Þannig þurfi að skoða hvernig byggðastefna einstakra sveitarfélaga og Fjórðungssambandsins sé, ekki bara hver sé byggðastefna ríkisins.

Friðbjörg Matthíasdóttir í Vesturbyggð tók til máls og benti á að þegar stofnanir eru sameinaðar eða útibú lögð niður tapi sveitarfélög mikilvægum störfum úr byggðinni.

Ómar Már Jónsson í Súðavíkurhreppi þakkaði Þóroddi fyrir erindið. Ómar segir að stjórnvöld verði að vinna með sveitarfélögunum en ekki gegn þeim og tekur Sóknaráætlun landshluta sem dæmi.

Ásthildur Sturludóttir þakkaði Þóroddi fyrir erindið. Hún hrósaði Byggðastofnun fyrir verkefnið Brothættar byggðir. Hún segir að skriffinnskan sé orðin of mikil og framkvæmdir taki of langan tíma vegna skriffinnsku. Byggðavandi sé ekki síst vegna hins opinbera þar sem verið sé að fækka opinberum störfum. Sveitarfélögin þurfi því að standa saman að því að verja opinber störf á landsbyggðinni.

Þóroddur segir að leiðin sé að styrkja grenndarþjónustu og samhliða því þurfi að flytja verkefni út á land og þar með peningana.

## 9. Ávörp gesta

**Stefanía Traustadóttir** sérfræðingur hjá innanríkisráðuneytinu bar þingfulltrúum kveðju frá innanríkisráðherra Hönnu Birnu Kristjánsdóttur sem sá sér ekki fært að koma á þingið en vildi láta vita að hún leggi ríka áherslu á að eiga góð samskipti við sveitarstjórnir. Stefanía sagði að innanríkisráðuneytið legði ríka áherslu á að Samband íslenskra sveitarfélaga sé jafningi þeirra á sveitarstjórnarvettvangnum. Hún vildi ekki segja til um hver framtíð sóknaráætlunar verður, en Stefanía hefur starfað að verkefninu í ráðuneytinu.

**Halldór Halldórsson** formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga tók til máls og fjallaði um samskipti við nýtt Alþingi og mikilvægi þess að styrkja tengsl og rækta góð samskipti milli ríkis og sveitarfélaga. Hann talaði um ýmis verkefni sem verið er að vinna að og m.a. frumvarp til laga um opinber fjármál. Að lokum skilaði hann kveðju frá stjórn og starfsmönnum sambandsins

**Lilja Rafney Magnúsdóttir** áttundi þingmaður NV kjördæmis tók til máls. Hún þakkaði boð á Fjórðungsþing Vestfirðinga Hún viðraði áhyggjur sínar varðandi fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2014 og niðurskurð framkvæmda og verkefna sem lúta að landsbyggðinni. Hún hvatti sveitarstjórnarmenn til að standa saman og nota þau verkfæri sem til staðar eru til að styrkja byggð.

## 10. Kosning þingnefnda

Eyrún Ingibjörg formaður kjörbréfanefndar tók til máls og kynnti niðurstöðu nefndarinnar. Öll sveitarfélög fullnýta atkvæði sín fyrir utan Vesturbyggð, en þar er einn fulltrúi sem mætti ekki og hafði ekki veitt umboð.

### Árneshreppur – atkvæðavægi 162 (1,71%)

Björn Torfason  
Eva Sigurbjörnsdóttir  
Oddný S. Þórðardóttir  
Guðlaugur Ingólfur Benediktsson  
Guðlaugur Ágústsson

### Bolungarvíkurkaupstaður – atkvæðavægi 1.377 (14,56%)

Elías Jónatansson  
Ylfa Mist Helgadóttir  
Ketill Elíasson  
Guðbjartur Jónsson  
Víðir Benediktsson  
Baldur Smári Einarsson (mætti ekki) - veitti Guðbjarti Jónssyni umboð sitt  
Jóhann Hannibalsson (mætti ekki) - veitti Ylfu Mist Helgadóttur umboð sitt  
María Elísabet Jakobsdóttir (mætti ekki) - veitti Elíasi Jónatansyni umboð sitt.

### Ísafjarðarbær – atkvæðavægi 3.748 (39,63%)

Arna Lára Jónsdóttir  
Albertína Elíasdóttir

## 58. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 11. og 12. október 2013 í Trékyllisvík

Pinggerð

Sigurður Pétursson  
Kristján Andri Guðjónsson  
Benedikt Bjarnason  
Guðfinna Hreiðarsdóttir  
Guðný Stefanía Stefánsdóttir  
Gísli Halldór Halldórsson  
Halldór Halldórsson

### **Kaldrananeshreppur – atkvæðavægi 300 (3,17%)**

Jenný Jensdóttir  
Óskar Torfason  
Sunna Einarsdóttir  
Guðbrandur Sverrisson (mætti seinni dag) - veitti Jennýju Jensdóttur umboð sitt  
Magnús Ásbjörnsson (mætti ekki) - veitti Jennýju Jensdóttur umboð sitt

### **Reykhólahreppur – atkvæðavægi 560 (5,92%)**

Gústaf Jökull Ólafsson  
Andrea Björnsdóttir  
Sveinn Ragnarsson  
Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (mætti ekki) - veitti Andreu Björnsdóttur umboð sitt

### **Strandabyggð – atkvæðavægi 777 (8,21%)**

Jón Gísli Jónsson  
Jón Jónsson  
Bryndís Sveinsdóttir (mætti ekki) - Veitti Jóni Gísla Jónssyni umboð sitt  
Ásta Þórisdóttir (mætti ekki) - Veitti Jóni Gísla Jónssyni umboð sitt  
Viðar Guðmundsson (mætti ekki) - Veitti Jóni Jónssyni umboð sitt

### **Súðavíkurhreppur – atkvæðavægi 537 (5,68%)**

Ómar Már Jónsson  
Gísli H. Hermannsson (mætti ekki) - veitti Ómar Má Jónssyni umboð sitt  
Valgeir Hauksson (mætti ekki) - veitti Ómar Má Jónssyni umboð sitt  
Ester Rut Unnsteinsdóttir (mætti ekki) - veitti Ómar Má Jónssyni umboð sitt  
Barði Ingibjartsson (mætti ekki) - veitti Ómar Má Jónssyni umboð sitt

### **Tálknafjarðarhreppur – atkvæðavægi 586 (6,20%)**

Eyrún Sigþórsdóttir  
Ásgeir Jónsson

### **Vesturbyggð – atkvæðavægi 1.412 (14,92%)**

Arnheiður Jónsdóttir  
Friðbjörg Matthíasdóttir  
Guðrún Eggertsdóttir (mætti ekki) - veitti Arnheiði Jónsdóttur umboð sitt  
Jón Árnasson (mætti ekki) - veitti Arnheiði Jónsdóttur umboð sitt  
Gunnar Ingvi Bjarnasson (mætti ekki)  
Ásdís Snót Guðmundsdóttir (mætti ekki) - veitti Friðbjörgu Matthíasdóttur umboð sitt.  
Ásgeir Sveinsson (mætti ekki) - veitti Friðbjörgu Matthíasdóttur umboð sitt

### Mál lögð fram, fyrri umræða

#### a) Mál lögð fram af stjórn sambandsins

Albertína Elíasdóttir gerði grein fyrir ályktunum á þingskjölum frá 7 til 13.

Friðbjörg Matthíasdóttir gerði grein fyrir ályktunum á þingskjölum frá 14-20 og fór yfir tillögu að breytingum á samþykktum Fjórðungssambandsins.

Lagt fram þingskjal 7: *Sóknaráætlanir landshluta*. Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

Lagt fram þingskjal 8: *Orkumál* - Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

Lagt fram þingskjal 9: *Markaðsátak fyrir Vestfirði* - Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Fjórðungsmálanefndar.

Lagt fram þingskjal 10: *Endurnýjun menningarsamninga* - Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

Lagt fram þingskjal 11: *Menntamál* - Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

Lagt fram þingskjal 12: *Sauðfjárveikivarnir* - Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

Lagt fram þingskjal 13: *Refa- og minkaveiðar* - Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

Lagt fram þingskjal 14: *Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða* - Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Fjórðungsmálanefndar.

Lagt fram þingskjal 15: *Svæðisskipulag Vestfjarða* - Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Fjórðungsmálanefndar.

Lagt fram þingskjal 16: *Fiskeldi og skelrækt* - Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

Lagt fram þingskjal 17: *Svæðasamstarf og sameiningarmál sveitarfélaga* - Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Fjórðungsmálanefndar.

Lagt fram þingskjal 18: *Málefni fatlaðs fólks* - Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

Lagt fram þingskjal 19: *Lög Fjórðungssambands Vestfirðinga* - Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Fjórðungsmálanefndar.

Lagði fram þingskjal 20: *Samgöngur tengja saman fólk og byggðir* - Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

**b) Mál lögð fram af þingfulltrúum**

Arna Lára Jónsdóttir Ísafjarðarbæ benti á soun á pappír þegar ályktanir eru prentaðar út fyrir þingið. Hún lagði til að gögnum yrði aðeins dreift rafrænt á næsta þingi, en þeir sem óskuðu eftir pappír gætu fengið hann. Arna Lára lagði fram þingskjal 21: *Ósk um að aðildarviðræður við ESB verði kláraðar*. Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

Kristján Andri Guðjónsson Ísafjarðarbæ lagði fram þingskjal 22: *Aflamark úthafsækju*. Óskað eftir að tillögunni verði vísað til Allsherjarnefndar.

**12. Stefnumörkun sveitarfélaga v. sóknaráætlunar landshluta 2014-2020**

Hópavinna þingfulltrúa sem skiptu sér í fjóra hópa sem unnu hugmyndavinnu um eftirfarandi málaflokka: Nýtingaráætlun strandasvæða, Markaðsmál, Atvinnumál og Innviði samfélagsins.

*Kl. 17:30 gerði þingforseti þinghlé til kl. 10:00 laugardaginn 12. október. Þinggestum var boðið í heimsókn í Minja- og handverkshúsið Kört í Árnosi í lok þingstarfa dagsins og um kvöldið var hátíðarkvöldverður og skemmtun í Félagsheimilinu Árnosi.*

**Laugardagur 12. október, fundur settur kl. 10:00.**

Varaþingforseti Jenný Jensdóttir hóf fund Fjórðungspingsins að nýju eftir fundarhlé kl. 10:00 laugardaginn 12. október í félagsheimilinu Árnosi í Trékyllisvík og bar upp tillögu um dagskrárbreytingu. Lagði hún til að kynning á afrakstri hópavinnu yrði felld niður og vinna hópana yrði þess í stað send út til kynningar að þingi loknu. Dagskrárbreyting samþykkt samhljóða.

Þingforseti óskaði eftir samþykki þingsins um að tillagan *Gjögurflug* (þingskjal 23) yrði tekið til afgreiðslu á nefndarfundum. Var það samþykkt samhljóða og tillögunni vísað til Allsherjarnefndar.

Var þá gengið til nefndarstarfa í Allsherjarnefnd, Fjórðungsmálanefnd, Fjárhagsnefnd og Kjörnefnd.

**Allsherjarnefnd** skipa Gísli Halldór Halldórsson formaður, Víðir Benediktsson, Gústaf Jökull Ólafsson, Ásgeir Jónsson, Ingólfur Benediktsson, Þuríður Sigurðardóttir, Guðbrandur Sverrisson, Guðný Stefánía Stefánsdóttir, Andrea Kristín Jónsdóttir, Indriði Indriðasson, Arnheiður Jónsdóttir, Ketill Elíasson, Sigurður Pétursson, Arnar Lára Jónsdóttir, Kristján Andri Guðjónsson.

**Fjórðungsmálanefnd** skipa: Andrea Björnsdóttir formaður, Ómar Már Jónsson, Friðbjörg Matthíasdóttir, Ylfa Mist Helgadóttir, Jón Gísli Jónsson, Jenný Jensdóttir, Björn G. Torfason.

**Fjárhagsnefnd** skipa: Elías Jónatansson formaður, Oddný Þórðardóttir, Jón Jónsson, Guðbjartur Jónsson, Guðfinna Hreiðarsdóttir, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir.

**13. Afgreiðsla mála frá nefndum**

Gísli Halldór Halldórsson formaður Allsherjarnefndar tók til máls og kynnti tillögur nefndarinnar.

Tillaga um *Sóknaráætlanir landshluta* (þingskjal 24, áður 7). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Orkumál* (þingskjal 25, áður 8). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Til máls tóku: Ómar Már Jónsson ræddi um útgjöld við jöfnun á kostnaði við húshitun og tölur sem fram eru settar í ályktuninni. Halldór Halldórsson ræddi einnig um kostnað vegna jöfnunar. Tillagan var þá borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Endurnýjun menningarsamninga* (þingskjal 26, áður 10). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Menntamál* (Sjá þingskjal nr. 27 áður 11). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Sauðfjárveikivarnir* (þingskjal 28, áður 12). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Refa- og minkaveiðar* (þingskjal 29, áður 13). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Guðbrandur Sverrisson Kaldrananeshreppi bað um orðið og lagði fram breytingartillögu (þingskjal 30). Ásgeir Jónsson Tálknafjarðarhreppi tók til máls og mælti með breytingartillögunni, hann benti á að veiðimenn sinni veiðum af áhuga, en fái litlar sem engar greiðslur fyrir. Ómar Már Jónsson Súðavíkurreppi lýsti yfir stuðningi við breytingatillöguna og benti á að Vestfirðir séu kjörið svæði til að samræma reglur varðandi aðkomu sveitafélaga að refa- og minkaveiðum. Breytingartillagan borin upp og samþykkt samhljóða. Tillaga í þingskjali 29 fellur niður.

Tillaga um *Fiskeldi og skelrækt* (þingskjal 31, áður 16). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Málefni fatlaðs fólks* (þingskjal 32, áður 18). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga með yfirskriftina *Samgöngur tengja saman fólk og byggðir* (þingskjal nr. 33, áður 20). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Til máls tóku Guðbrandur Sverrisson Kaldrananeshreppi sem ræddi um kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar í sambandi við gerð heilsársvegar í Árneshrepp, sérstaklega varðandi veginn undir Kaldbakshorn. Guðbrandur bendir á að búið sé að hanna veglínu hluta leiðarinnar úr Steingrímsfirði í Trékyllisvík eða um Bassastaðaháls og Bjarnarfjörð og þar sé hægt að hefja framkvæmdir strax. Vandamálið sé svo vegurinn frá Veiðileysufirði yfir í Djúpvík sem þurfi að laga sem fyrst. Aukið fjármagn vanti svo að hægt sé að byrja að miklum krafti. Kristján Andri Guðjónsson Ísafjarðarbæ tók til máls og ræddi mikilvægi heilsársvegar í Árneshrepp. Jón Jónsson Strandabyggð tók til máls og ræddi hugmyndina um að skilgreina hringveginn um Vestfirði (þjóðvegi 60, 61 og 68) sem hringveg



nr. 2. Hann benti á kostnað ferðabjóna við endurnýjun á markaðsefni, ef tillagan yrði að veruleika. Þingforseti kallaði til kosninga um tillöguna. Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillagan *Ósk um að aðildarviðræður við ESB verði kláraðar* (þingskjal 34, áður 21). Þingforseti opnaði fyrir umræðu, en enginn kvaddi sér hljóðs. Þá var gengið til kosninga og féll kosning um tillöguna með handaupprettingu 10-10. Þingforseti sagði tillöguna samþykkt í ljósi atkvæðavægis þeirra sem studdu tillöguna. Óskað var þá úr sal eftir skriflegri endurkosningu og varð þingforseti við því. Gengið var að nýju til kosninga um tillöguna og fór kosning sem hér segir 49% sögðu já, 33% nei og 11% skiluðu auðu. Tillagan var því samþykkt.

Tillaga um *Aflamark úthafsækju* (þingskjal 35, áður 22). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Engin kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Gjögurflug* (þingskjal 36, áður 23). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Oddný Þórðardóttir Árneshreppi tók til máls og gerði grein fyrir málinu. Tillagan samþykkt samhljóða.

Andrea Björnsdóttir formaður Fjórðungsmálanefndar tók til máls og kynnti tillögur nefndarinnar.

Tillaga um *Markaðsátak fyrir Vestfirði* (þingskjal 37, áður 9). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða* (þingskjal 38, áður 14). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Svæðisskipulag Vestfjarða* (þingskjal 39, áður 15). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um *Svæðasamstarf og sameiningarmál sveitarfélaga* (þingskjal 40, áður 17). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Til máls tók Guðbrandur Sverrisson Kaldrananeshreppi og lagði fram þá breytingatillögu, að orðin „og hugsanlegan grundvöll fyrir sameiningu þeirra á næstu árum“ féllu niður. Elías Jónatansson Bolungarvíkurkaupstað tók til máls og ræddi umboð þingsins til að biðja um tilflutning verkefna fyrir sveitarfélög í landinu. Hægt væri að gera tillögu til Sambands íslenskra sveitafélaga að þau færu í þá vinnu. Elías lagði fram þá breytingartillögu að síðari hluti tillögunnar félli einnig niður: „Starfshópnum verði einnig falið að hefja viðræður við stjórnvöld um gerð langtímasamnings um tilflutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga og verkefni á sviði samgangna og fjarskipta.“ Gísli Halldór Halldórsson Ísafjarðarbæ tók til máls og tók undir með Elíasi. Ómar Már Jónsson Súðavíkurhreppi tók til máls og skýrði tillöguna, að vilji væri til að fá á hreint frá ríkisvaldinu hvað felst í þessu varðandi samgöngur, afhendingaröryggi raforku og annað því líkt. Ómar sagði að fyrirfram væri hann ekkert á móti sameiningu sem slíkri, en hann þyrfti að fá að vita hvað myndi felast í henni. Sigurður Pétursson Ísafjarðarbæ tók þá til máls. Lagði hann til að tillögunni yrði vísað frá, að því gefnu að breytingartillögur yrðu samþykktar, því þá væri búið að taka allt sem máli

skipti úr tillögnum. Þingforseti boðaði nú til kosninga um frávísunartillögu Sigurðar og var hún samþykkt með meirihluta atkvæða.

Tillaga um *Samþykktir Fjórðungssambands Vestfirðinga* (þingskjal 41, áður 19). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan samþykkt samhljóða.

Elías Jónatansson formaður Fjárhagsnefndar tók til máls og kynnti tillögur nefndarinnar.

Ársreikningur Markaðsstofu Vestfjarða 2012 (þingskjal 42b, áður 3b) lagður fram til kynningar. Nefndin hafði tekið reikninginn til skoðunar og lagði hann fram athugasemdalaust.

Ársreikningur Menningarráðs Vestfjarða 2012 (þingskjal 42a, áður 3a) borinn upp til samþykktar. Nefndin hafði tekið reikninginn til skoðunar og lagði hann fram athugasemdalaust. Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og reikningurinn samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2012 (þingskjal 42c, áður 3c). Elías Jónatansson benti á athugasemdir endurskoðanda varðandi lífeyrisskuldbindingar. Þingforseti opnaði fyrir umræðu en enginn kvaddi sér hljóðs. Ársreikningurinn lagður fram til samþykktar og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga 2013 og áætlun 2014 (þingskjal 42c, áður 3c). Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Elías Jónatansson formaður nefndarinnar og Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri tóku til máls og fóru yfir tillögur fjárhagsnefndar um breytingu á framsetningu á tillögu að fjárhagsáætlun. Gerð er tillaga um hækkun árstíllags fyrir árið 2014 úr 4.224 kr í 4.793 kr pr íbúa eða í heild 4 mkr. Skiptist hækkun jafnt á hækkun á framlagi til Atvest og til verkefnið FV er varðar umhverfissvottun. Þá var endurskoðuð fjárhagsáætlun 2013 og áætlun 2014 borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum nefndarinnar.

Ársreikningur um BsVest 2012 (þingskjal 43, áður 5) borinn upp til samþykktar. Nefndin hafði tekið reikninginn til skoðunar og lagði hann fram athugasemdalaust. Þingforseti opnaði fyrir umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og reikningurinn samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

### 14. Kosningar

Ásgeir Jónsson formaður kjörnefndar hafði framsögu um tillögu nefndarinnar um kosningu fulltrúa í Menningarráð Vestfjarða í stað Arnars S. Jónssonar sem fluttur er úr fjórðungnum. Tillaga kjörnefndar er að Viðar Guðmundsson í Strandabyggð verði aðalmaður í ráðinu. Tillagan borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 15. Önnur mál

Þingforseti gaf orðið laust.

## 58. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 11. og 12. október 2013 í Trékyllisvík

Þinggerð

---

Gústaf Jökull Ólafsson Reykhólahreppi þakkaði fyrir góða samkomu og þingfulltrúum fyrir samvinnuna í gegnum árin, þar sem þetta yrði hans síðasta Fjórðungsping.

Oddný Þórðardóttir oddviti Árneshrepps tók til máls og þakkaði öllum fyrir komuna og óskaði öllum góðrar heimferðar.

Jenný Jensdóttir varaþingforseti þakkaði þingfulltrúum fyrir sérstaklega skemmtilegt þing og gaf formanni Fjórðungssambandsins orðið.

Albertína Elíasdóttir formaður Fjórðungssambandsins þakkaði heimamönnum og vertum fyrir sérstaklega góðar móttökur. Þingið hafi verið afar skemmtilegt og vel heppnað. Hún lofaði að ekki myndu líða aftur 58 Fjórðungsping áður en þingið yrði haldið aftur í Árneshreppi, þakkaði þingfulltrúum og starfsmönnum þingsins fyrir vel unnin störf og sleit síðan 58. Fjórðungspingi Vestfirðinga.

Þingi slitið kl. 15:00.

Þingforsetar: Björn Torfason og Jenný Jensdóttir

Þingritarar: Lína Björg Tryggvadóttir, Díana Jóhannsdóttir.

**Gestir og fulltrúar á Fjórðungspingi**

Björn Torfason	Árneshreppur
Eva Sigurbjörnsdóttir	Árneshreppur
Guðlaugur Ágústsson	Árneshreppur
Ingólfur Benediktsson	Árneshreppur
Oddný S. Þórðardóttir	Árneshreppur
Elías Jónatansson	Bolungarvíkurkaupstaður
Guðbjartur Jónsson	Bolungarvíkurkaupstaður
Ketill Elíasson	Bolungarvíkurkaupstaður
Ylfa Mist Helgadóttir	Bolungarvíkurkaupstaður
Víðir Benediktsson	Bolungarvíkurkaupstaður
Albertína Fr. Elíasdóttir	Ísafjarðarbær
Arna Lára Jónsdóttir	Ísafjarðarbær
Benedikt Bjarnason	Ísafjarðarbær
Daníel Jakobsson	Ísafjarðarbær
Gísli Halldór Halldórsson	Ísafjarðarbær
Guðfinna Hreiðarsdóttir	Ísafjarðarbær
Guðný Stefanía Stefánsdóttir	Ísafjarðarbær
Kristján Andri Guðjónsson	Ísafjarðarbær
Sigurður Pétursson	Ísafjarðarbær
Guðbrandur Sverrisson	Kaldrananeshreppur
Jenný Jensdóttir	Kaldrananeshreppur
Óskar Torfason	Kaldrananeshreppur
Sunna Einarsdóttir	Kaldrananeshreppur
Andrea Björnsdóttir	Reykhólahreppur
Gústaf Jökull Ólafsson	Reykhólahreppur
Ingibjörg Birna Erlingsdóttir	Reykhólahreppur
Sveinn Ragnarsson	Reykhólahreppur
Andrea Kristín Jónsdóttir	Strandabyggð
Jón Jónsson	Strandabyggð
Jón Gísli Jónsson	Strandabyggð
Ómar Már Jónsson	Súðavíkurhreppur
Ásgeir Jónsson	Tálknafjarðahreppur
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir	Tálknafjarðahreppur
Indriði Indriðasson	Tálknafjarðahreppur
Arnheiður Jónsdóttir	Vesturbyggð
Ásthildur Sturludóttir	Vesturbyggð
Friðbjörg Matthíasdóttir	Vesturbyggð

## 58. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 11. og 12. október 2013 í Trékyllisvík

Þinggerð

---

Aðalsteinn Óskarsson  
Díana Jóhannsdóttir  
Lína Björg Tryggvadóttir  
Sif Huld Albertsdóttir

Fjórðungssamband Vestfirðinga  
Fjórðungssamband Vestfirðinga  
Fjórðungssamband Vestfirðinga  
Byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum

Ásgerður Þorleifsdóttir  
Bjarni Jónsson  
Halldór Halldórsson  
Lilja Rafney Magnúsdóttir  
Jóhannes Tómasson  
Jón Páll Hreinsson  
Shiran Þórisson  
Stefanía Traustadóttir  
Þóroddur Bjarnasson  
Þuríður Sigurðardóttir

Ferðamálasamtök Vestfjarða  
Samband sveitarfélaga á Norðurlandi vestra  
Samband íslenskra sveitarfélaga  
Alþingi  
Innanríkisráðuneytið  
AtVest  
AtVest  
Innanríkisráðuneytið  
Byggðastofnun  
Fræðslumiðstöð Vestfjarða

## **Pingskjal 1**

### **DAGSKRÁ**

#### **Föstudagur 11. október**

09.00 Afhending gagna

Pingsetning

Kosning þingforseta og ritara.

Kosning kjörnefndar, kjörbréfanefndar og afgreiðsla kjörbréfa.

Skýrsla stjórnar FV

Skýrsla menningarfulltrúa

Skýrsla markaðsfulltrúa

Skýrsla Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða

Umræður og fyrirspurnir

Ársreikningur 2012, menningarráðs Vestfjarða

Ársreikningur 2012, markaðsstofu Vestfjarða

Ársreikningur 2012

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2013

Fjárhagsáætlun 2014

Umræður og fyrirspurnir

10.45 Kaffihlé

11.00 Skýrsla stjórnar BsVest

Ársreikningur 2012

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2013

Fjárhagsáætlun 2014

11:40 Skýrsla fastanefndar um samgöngumál

12:10 Hádegishlé

13:10 *Byggðastefna Íslands og sóknarfæri Vestfjarða*. Þóroddur Bjarnason, formaður stjórnar Byggðastofnunar.

13:50 Ávörp gesta

Halldór Halldórsson, formaður, stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

14.20 Kosning þingnefnda

Mál lögð fram, fyrri umræða

c) Mál lögð fram af stjórn sambandsins

d) Mál lögð fram af þingfulltrúum

e) Tillaga um breytingu á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga

15:00 Stefnumörkun sveitarfélaga v. sóknaráætlunar landshluta 2014-2020

Hópavinna þingfulltrúa, stefnumörkun v. Sóknaráætlunar landshluta

Kaffihlé þegar hentar

17.30 Hlé.

18.00 Heimsókn

19.30 Kvöldverður.

#### **Laugardagur 12. október**

10:00 Kynning á stefnumörkun Sóknaráætlunar landshluta

## 58. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 11. og 12. október 2013 í Trékyllisvík

Þinggerð

10:30 Nefndastörf.

12.00 Hádegishlé

13.00 Afgreiðsla mála frá nefndum

14.45 Kosning í menningarráð.

15:00 Áætluð þingslit

Áskilinn er réttur til breytinga á dagskrá og tímasetningu ef þörf krefur.

Annað:

- Þinghald verður í Félagsheimilinu Árnesi.
- Nefndarstörf verða í Félagsheimilinu Árnesi og Finnbogastaðaskóla .
- Hádegis- og kvöldverður verða á þingstað.

Vakin er athygli á að skýrslur starfshópa og stofnana munu liggja frammi á þinginu, einnig munu þær birtast á heimasíðu sambandsins eftir því sem þær berast.

## Þingskjal 2

### Atkvæðavægi sveitarfélaga á 58. Fjórðungspingi Vestfirðinga

Tekið saman samkvæmt 4. gr. samþykktu Fjórðungssambands Vestfirðinga um atkvæðavægi sveitarfélaga

Íbúafjöldi sveitarfélaga 1. janúar 2013

Heiti sveitarfélags	Fjöldi íbúa	Vogtala	Fjöldi atkvæða	Prósenta%
Reykholahreppur	280	2,0	560	5,92%
Vesturbyggð	941	1,5	1.412	14,92%
Tálknafjarðarhreppur	293	2,0	586	6,20%
Bolungarvíkurkaupstaður	918	1,5	1.377	14,56%
Ísafjarðarbær	3748	1,0	3.748	39,63%
Súðavíkurhreppur	179	3,0	537	5,68%
Árneshreppur	54	3,0	162	1,71%
Kaldraneshreppur	100	3,0	300	3,17%
Strandabyggð	518	1,5	777	8,21%
<i>Samtals</i>	7.031		9.459	100,00%

Fjöldi sveitarfélaga:

9

## Þingskjal 3a

Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2012, sjá samnefnt fylgiskjal.

Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2013 og áætlun 2014

58. Fjórðungsping Vestfirðinga, 11. og 12. október 2013 Þingskjal 3

Áætlun Endursk Áætlun

## 58. FJÓRDUNGSÞING VESTFIRDINGA

Haldið 11. og 12. október 2013 í Trékyllisvík

Þinggerð

	57. fj.þings	áætlun	2014
<b>Almennar tekjur</b>			
Framlag sveitarfélaga	9.500	9.500	9.500
Framlag sveitarfélaga til Atvest	4.500	4.500	5.500
Framlag sveitarfélaga til menningarsamnings	9.900	9.900	9.900
Framlag sveitarfélaga til markaðsstofu	5.800	5.800	5.800
Framlag Jöfnunarsjóðs	21.000	21.600	22.200
Framlag Jöfnunarsjóðs vegna Sóknaráætl. Landshluta	1.415	3.500	3.500
Hlutdeild MMR í rekstri menningarsamnings	2.700	2.700	2.300
Ráðstöfun rekstarframlags fyrra árs	0	802	2.002
<b>Samtals almennar tekjur</b>	<b>54.815</b>	<b>58.302</b>	<b>60.702</b>

### Framlög til verkefna FV

Samningur um atvinnu og byggðaðróun		28.651	38.200
Menningarsamningur		40.400	32.400
Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks	1.000	1.000	1.000
<b>Samtals framlög til verkefna FV</b>	<b>1.000</b>	<b>70.051</b>	<b>71.600</b>

### B. Framlög vegna samningsverkefna

Almenningssamgöngur	<b>25.700</b>	28.725	<b>29.469</b>
Markaðstofa Vestfjarða		9.182	<b>8.852</b>
Sóknaráætlun landshluta		50.000	<b>50.000</b>
Umhverfivottun sveitarfélaga	<b>700</b>	1.300	<b>2.000</b>
<b>Samtals framlög v. Samningsverkefna</b>	<b>26.400</b>	<b>89.207</b>	<b>90.321</b>

### Fastur kostnaður

Laun og tengd gjöld	32.472	33.300	39.864
Lífeyrisskuldbinding	4.129	4.129	4.256
Samtals laun og launatengd	36.601	37.429	44.120
Annar skrifstofukostnaður	6.610	13.412	11.193
<b>Samtals Fastur Kostnaður</b>	<b>43.211</b>	<b>50.841</b>	<b>55.313</b>

### Verkefnakostnaður A. af rekstri FV

Þjónustusamningur Atvest	4.500	34.151	44.700
Menningarráð	0	40.400	32.400
Samgöngunefnd FV	700	1.133	728
Markaðstofa Vestfjarða	1.000	3.200	1.000
Önnur verkefni	1.415	450	300
<b>Samtals A. verkefni af rekstri FV</b>	<b>7.615</b>	<b>79.334</b>	<b>79.128</b>

### Verkefnakostnaður B. samningsverkefni

Almenningssamgöngur	24.000	26.794	29.469
Markaðstofa Vestfjarða	7.200	9.182	8.852
Sóknaráætlun landshluta	0	44.700	50.000
Nýtingaráætlun strandsv	0	3.000	0



## 58. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 11. og 12. október 2013 í Trékyllisvík

Þinggerð

Vestfjarðaklasi	0	2.300	0
Umhverfisvottun	160	1.300	2.000
<b>Samtals B. samningsverkefni</b>	<b>31.360</b>	<b>87.276</b>	<b>90.321</b>

	Áætlun 57. 2013	Endursk 2013	2014
Reglulegar tekjur	54.815	58.302	60.702
Fastur kostnaður	36.601	37.429	44.120
Annar kostnaður skrifstofu	6.610	13.412	11.193
Verkefnavinna starfsmanna FV	0	-4.460	-5.000
Útlagt vegna verkefnavinnu FV	0	-1.080	
Afkoma fyrir verkefni	11.604	13.001	10.389
Framlög til verkefna samkvæmt samþykkt Fj.þings	1.000	70.051	71.600
Útgjöld vegna verkefna samkvæmt samþykkt Fj.þings	7.615	79.334	79.128
<b>Afkoma rekstar</b>	<b>4.989</b>	<b>2.892</b>	<b>2.924</b>
Verkefnatekjur	26.400	89.207	91.321
Verkefnagjöld	31.360	88.276	91.321
Afkoma verkefna	-4.960	931	0
<b>Afkoma í heild</b>	<b>29</b>	<b>3.823</b>	<b>2.924</b>

	2013	Endursk 2013	2014
Árstillag, framlag sveitarfélaga	1.366	1.351	1.351
Árstillag, framlag sveitarfélaga atvest	647	640	640
Árstillag, sveitarfélaga til menningarsamnings	1.423	1.408	1.408
Árstillag sveitarfélaga til markaðsstofu	834	825	825
<b>Árstillaga í heild. Íbúar</b>	<b>4.270</b>	<b>4.224</b>	<b>4.224</b>
Íbúar 1. jan 2012 voru 6.955 og 7.021 þann 1. janúar 2013			

### Þingskjal 3b

Ársreikningur Markaðsstofu Vestfjarða 2012, sjá samnefnt fylgiskjal.

### Þingskjal 3c

Ársreikningur Menningarráðs Vestfjarða 2012, sjá samnefnt fylgiskjal.

### Pingskjal 4

#### Skýrsla formanns – Albertína Fr. Elíasdóttir

Kæru þingfulltrúar og aðrir gestir,

Allt er þegar þrennt er og við erum hér loks komin saman í Árneshrepp á 58. Fjórðungspingi Fjórðungssambands Vestfirðinga í fyrsta skipti í sögu sambandsins.

Frá síðasta þingi hefur heilmikill tími farið í að fínþússa vinnuna og samstarfið eftir ákvarðanir síðasta þings á Bíldudal. Menningarráð og Markaðsstofa Vestfjarða eru nú orðin hluti af rekstri Fjórðungssambands Vestfirðinga og hefur nú einnig verið stofnuð byggðaþróunardeild og nýr starfsmaður ráðin til hennar; Lína Björg Tryggvadóttir og vil ég nýta tækifærið og bjóða Línu velkomna til starfa en Lína Björg hóf störf nú 1. október. Hlutverk hennar verður meðal annars að vinna að Umhverfissvottun Vestfjarða, sóknaráætlun og fleira. Fjármagn til atvinnuþróunar frá Byggðastofnun fer nú í gegnum Fjórðungssamband Vestfirðinga og beint til Atvinnuþróunarfélags Vestfirðinga samkvæmt þjónustusamningi og samstarfið við Atvinnuþróunarfélagið hefur gengið vonum framár, þökk sé framkvæmdastjórum og starfsmönnum beggja stofnanna. Hugmyndin var nú að gera þetta í lokin, en ég held að það sé ástæða til að hrósa Aðalsteini Óskarssyni framkvæmdastjóra sérstaklega fyrir óeigingjarnt starf fyrir Fjórðungssambandið, ég veit að síðustu ár hafa engan veginn verið auðveld í starfinu, mörg fjöll reist af ríkinu sem við höfum þurft að klífa og í hvert skipti sem við höfum haldið að við værum komin á toppinn þá bætist við enn annar toppurinn, samanber nýframskipin fjárlög ársins 2014. Aðalsteinn og starfsmenn okkar munu hér á eftir fara yfir helstu verkefni síðasta árs og sömuleiðis verkefni framundan þannig að ég ætla ekki að eyða miklum tíma í það, en þó vil ég stikla á því stærsta.

Eins og ég nefndi áðan þá fór mikill tími í að fínþússa vinnuna og samstarfið frá síðasta þingi en það verður að segja að það hefur gengið mun betur en jafnvel ég þorði að vera. Í samræmi við samkomulag við Ferðamálasamtök Vestfjarða var skipað ráðgjafaráð Markaðsstofu þegar Markaðsstofan sameinaðist Fjórðungssambandinu. Ferðamálasamtökin skipuðu þar þrjú fulltrúa en stjórn Fjórðungssambandsins tvo. Formaður ráðgjafaráðsins er Sigríður Kristjánsdóttir, en í ráðinu eru auk hennar Ásgerður Þorleifsdóttir, Jón Þórðarson, Eyþór Jónsson og Harpa Eiríksdóttir. Jafnframt situr fundi ráðsins Jón Páll Hreinsson starfsmaður Atvest. Þegar starfsmaður Markaðsstofu hætti störfum lá á að taka við verkefnum Markaðsstofu og var því verkefnastjóri Fjórðungssambandsins Díana Jóhannsdóttir færð til í störfum og hún tók við verkefnum Markaðsstofu í apríl á þessu ári. Díana mun fara sérstaklega yfir verkefni Markaðsstofu hér á eftir og mun ég því ekki eyða meiri tíma í það hér en segja verður að eftir allt saman þá megum við vera virkilega ánægð með hvernig til tókst með sameiningu Markaðsstofunnar. Má með nokkurri vissu segja að niðurstaðan hafi verið góð og er samstarfið nú þegar orðið mjög gott. Það er þannig mikill styrkur fyrir okkur hversu öflug Ferðamálasamtökin eru og kemur það skýrt fram m.a. í því hversu virkt ráðgjafaráð Markaðsstofu er. Þannig getum við eftir allt saman verið stolt af því en þegar við hittum fulltrúa hinna landshlutasamtakanna þá er skýrt að þeir öfunda okkur af því stoðkerfi sem við höfum náð að koma okkur upp hér.

Hvað varðar Menningarráðið þá hefur það alltaf verið mjög nátengt starfi Fjórðungssambandsins og því gekk það auðveldlega inn í starfið. Jón Jónsson er auðvitað einstakur starfsmaður og sést það ekki síst á því hversu vel Menningarráð Vestfjarða kemur út úr nýrri úttekt Capacent sem Mennta- og menningarmálaráðuneyti lét vinna á menningarsamningunum. Jón hefur til að mynda tekið nýja heimasíðu Fjórðungssambandsins [www.vestfirdir.is](http://www.vestfirdir.is) föstum tókum. Ég hvet ykkur eindregið að skoða þá síðu, þ.e. ef þið hafið ekki gert það nú þegar. Það sem er hins vegar framundan í menningarmálunum er að tryggja áframhaldandi og helst aukið fjármagn inn í samningana. Í

frumvarpi til Fjárlaga 2014 er fjármagn til menningarsamninga sveitarfélaga skorið niður um 23 milljónir, sem óhjákvæmilega mun hafa mikil áhrif á menningarmál á Vestfjörðum.

Menningarsamningar hafa í samningum við ríkið lækkað síðustu árin, framlag reksturs og verkefnastyrkja til Vestfjarða var 32 millj. árið 2009 en var komið niður í 23,8 millj. árið 2013, sem er lækkun um 26,5%. Árin 2012 og 2013 komu stofn- og rekstrarstyrkir til viðbótar 11,4 millj. hvort ár. Á sama tíma var hætt að styrkja verkefni, einkum á landsbyggðinni, beint á fjárlögum á grundvelli umsókna til fjárlaganefndar. Slíkir styrkir höfðu verið yfir 70 milljónir til verkefna á Vestfjörðum fjórum árum fyrr. Fyrirkomulagið með menningarsamninga hefur gengið vel, en fjármagn vantar. Menningarstofnanir á Vestfjörðum eru mjög aðþrengdar og umtalsverð uppbygging slíkra aðila nær ómöguleg. Nær engar líkur eru á að hægt sé að stjórna með fjármagni Menningarráðs hvaða stofnanir hætta starfsemi á næstu árum, það geta rétt eins verið þær sem mest hefur verið til vandað og íbúar myndu sakna mest.

En aftur að fyrri verkefnum. Eins og þið munið eflaust þá var eitt af stóru verkefnum síðasta árs hin margumrædda Sóknaráætlun Vestfjarða. Með sóknaráætlun komu 50,3 milljónir inn á Vestfirði sem við svo færðum áfram í ýmis verkefni og munaði svo sannarlega um þó upphæðin hafi ekki þótt neitt sérstaklega há í fyrstu. Því var það mikið áfall fyrir okkur þegar frumvarp til fjárlaga 2014 voru lögð fram á þinginu í síðustu viku og sóknaráætlanir skornar úr 400 milljónum í 15 milljónir sem eiga að ganga beint til fjármálaráðuneytis til að vinna úttekt á gagnsemi sóknaráætlana. Eftir hálf brósuglega byrjun held ég að allir geti verið sammála því að vel hafi tiltekist með sóknaráætlanir og sérstaklega með vinnulagið og því yrði það reiðarslag fyrir landshluta eins og Vestfirði ef fer sem horfir að landshlutaáætlanir verði slegnar af. Ég hef þá trú að þessi stefna verði endurskoðuð en til að svo verði þurfum við að láta heyra í okkur og því verður lögð fram ályktun hér á eftir þar sem lagt er til að Fjórðungsping skori á þingheim og ríkisstjórn að fylgja þessu mikilvæga verkefni eftir.

Málefni fatlaðs fólks er annað mikilvægt verkefni sem er á borði Fjórðungssambandsins. Eins og þið þekkið þá rekur Fjórðungssambandið, Bygðasamlag um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum. Arnheiður Jónsdóttir sem hafði verið verkefnisstjóri hjá okkur frá upphafi óskaði eftir lausn frá störfum í upphafi árs og var í kjölfarið starfið auglýst laust til umsókna og var í kjölfar ráðningaviðtala ákveðið að ráða Sif Huld Albertsdóttur, þroskaþjálfara til starfa. Kom Sif Huld til starfa í maí síðastliðin fyrst í 50% starfshlutfalli en frá 1. september í 80% og hefur verið á fullu síðan þá enda viðamikill málaflokkur sem um ræðir. Vil ég sömuleiðis nýta þetta tækifæri til að bjóða Sif Huld velkomna til starfa, þó fjórir mánuðir séu síðan. Þó að sterk rök megi færa fyrir því að málaflöknum sé betur fyrir komið hjá sveitarfélögunum þá verður því miður að segjast að ekki hefur verið alveg nógu vel að málum staðið varðandi yfirflutninginn, sérstaklega þegar kemur að fjármálunum. Í ljós hefur komið að það fjármagn sem varið er til málaflökksins á Vestfjörðum er engan veginn að standa undir þeim útgjöldum sem sveitarfélögin þurfa að bera. Í ofanálag má sem dæmi nefna að Jöfnunarsjóður lagði fram áætlun fyrir árið 2013 í maí síðastliðin, en þá voru allir svo ósáttir með áætlunina að farið var í víðtæka greiningu á þjónustu við einstaklinga og mun niðurstöðu vera fyrst að vænta núna í lok mánaðarins. Þetta getur ekki verið á neinn hátt ásættanlegt og hlýtur að vera hægt að gera þær kröfu til ríkisins að það vinni sína vinnu þannig að það liggi fyrir í upphafi árs fjármagn þess árs.

Öll þessi verkefni sem við erum að vinna með á vettvangi Fjórðungssambandsins hafa sannarlega kallað á og aukið á mikilvægi samvinnu sveitarfélaga og við þurfum að halda áfram á þeirri vegferð og ákveða hvernig við viljum haga áframhaldandi samstarfi sveitarfélaga á Vestfjörðum og hvort við viljum horfa í átt sameiningar þeirra. Viðfangsefnið er vissulega flókið, við búum við langar vegalengdir og dreifða byggðakjarna, en á sama tíma er einnig aukin krafa íbúa um öfluga og skilvirka þjónustu sem ekki er á færi nema fjölmennari eða a.m.k. efnahagslega sterkari sveitarfélaga. Hvert vilja Vestfirðingar stefna í samvinnu eða sameiningu? Hér á eftir verður lögð fram ályktun þar sem lagt er til að þingið feli stjórn Fjórðungssambandsins að stofna starfshóp sveitarfélaga á Vestfjörðum til að hefja viðræður aukna samvinnu sveitarfélaga á Vestfjörðum og hugsanlegan grundvöll fyrir sameiningu þeirra á næstu árum. Gott dæmi um verkefni sem kallar á nána samvinnu og komin er góð reynsla á er Nýtingaráætlun Arnarfjarðar sem nú er farin í auglýsingu og mun lokafrestur til athugasemda renna út um helgina. Auknar umsóknir um fiskeldi á Vestfjörðum eru eitthvað sem

sveitarfélögin á Vestfjörðum þurfa að vera meðvituð um, en þó að sveitarstjórnir fari ekki beint með skipulagsvaldið á strandsvæðum þá er samt sem áður mikilvægt að við stöndum okkar plikt í málinu og vinnum saman að nýtingaráætlunum og gætum þannig að því að ekki sé gengið á burðarþol strandsvæða Vestfjarða. Þetta er ályktun sem við þurfum að ræða vel en ég tel það mikilvægt að við þurfum að taka þessa umræðu alvarlega og ef samþykkt verður að fara í þessa vinnu að fara í þá vinnu af heilum og opnum hug.

Ágætu tilheyrendur, það er að mörgu af taka eftir síðasta ár og ég vona að ég hafi náð að tæpa á því helsta. Það er síðan spennandi ár framundan, sveitarstjórnarkosningar í vor og því hugsanlega síðasta fjórðungsping í bili hjá einhverjum okkar. Það er flott þing framundan og ég veit að við munum eiga hér bæði fróðlegt og gagnlegt þing hér í Árneshrepp og síðast en ekki síst ánægjulegt.

### Pingskjal 4a

**Menningarráð Vestfjarða – ársskýrsla 2012**, sjá samnefnt fylgiskjal.

#### **Framsaga menningafulltrúa – Jón Jónsson**

Ágæta Fjórðungsping, þingforsetar, fundarmenn, starfsmenn og góðir gestir.

Menningarráð Vestfjarða hefur nú starfað frá árinu 2007, unnið þróunarvinnu um eflingu menningarstarfs í fjórðungnum og haft umsjón með samningi milli ríkis og sveitarfélaga um styrki til menningarverkefna.

Árið 2012 var reksturinn í nokkuð föstum skorðum. Ársreikningar eru í gögnum þingsins og ársskýrsla er aðgengileg á [vestfirdir.is](http://vestfirdir.is). Í tengslum við úthlutun á árinu 2012 hélt menningafulltrúi námskeið í öllum þéttbýlisstöðum Vestfjarða um gerð styrkumsókn, alls sóttu námskeiðin um 70 manns og er kynningarefnið einnig aðgengilegt á vef menningarráðsins fyrir þá sem ekki áttu heimangengt á slík námskeið.

Þó hafa orðið stórtíðindi frá síðasta Fjórðungspingi hvað varðar rekstur menningarráðsins. Sameining á rekstri Menningarráðsins, Markaðsstofu og Fjórðungssambands Vestfjarða varð að veruleika um síðastliðin áramót. Sameiningin hefur að mínu mati tekist vel og sem starfsmaður er ég ánægður með þessa breytingu, tel hana jákvæða og skapa tækifæri til sóknar. Sú breyting fyrir mig persónulega að fá samstarfsfólk var vel þegin eftir 5 ára starf í einmenningsstofnun. Samlegðaráhrif eru sjáanleg og sparnaður í kostnaði við rekstur. Fyrir liggur að þróa starfið áfram. Ein afleiðing af sameiningunni er að ekki er sérstakur aðalfundur Menningarráðs í tengslum við Fjórðungspingið.

Á árinu 2013 hefur Capacent unnið að gerð samræmdrar úttektar á starfsemi menningarráðanna á landsbyggðinni fyrir menningarmálaráðuneytið. Von er á lokaskýrslu á allra næstu dögum. Endurnýjun á stefnumótun í menningarmálum er tímabær á þessum tímamótum. Ég legg til að starfsmenn Fjórðungssambands hafi umsjón með gerð nýrrar stefnumótunar, en tel ekki að ástæða sé til að ráða ráðgjafarfyrirtæki til að vinna að verkefninu.

Menningarsamningar renna út í árslok 2013, en gert er ráð fyrir áframhaldandi samningi í frumvarpi að fjárlögum fyrir árið 2014. Fjármagn til menningarsamninga hefur lækkað umtalsvert á síðustu árum og mikilvægt að berjast gegn þeirri þróun og leggja áherslu á endurnýjun menningarsamninga með auknu fjármagni, einkum til stofn- og rekstrarstyrkja. Heildarupphæðin til stofn- og rekstrarstyrkja á landsbyggðinni var vonbrigði þegar það verkefni var fært til menningarráðanna í ársbyrjun 2011. Á árinu 2013 fékk Menningarráð Vestfjarða 5 milljónir aukalega til að bæta við framlögin í stofn- og rekstrastyrki úr sóknaráætlun 2013.

Ágætu þingfulltrúar og gestir.

Í stjórn Menningarráðs Vestfjarða eru nú Ásgerður Þorleifsdóttir formaður og Kristján Andri Guðjónsson á Ísafirði sem bæði eru stödd hér. Einnig eru fulltrúar í ráðinu Sigrún Bragadóttir í Bolungarvík og Matthías Ágústsson á Patreksfirði. Þau hafa öll setið í menningarráði frá síðasta fjórðungsþingi. Loks ber að nefna Arnar Jónsson á Hólmavík sem lætur nú af störfum sem fulltrúi í menningarráði vegna flutnings úr fjórðungnum. Hann hefur starfað í menningarráðinu allt frá stofnun undirbúningshóps fyrir gerð fyrsta menningarsamningsins árið 2007. Vil ég færa honum bestu þakkir fyrir ánægjulega samfylgd í ráðinu. Það liggur nú fyrir þessu þingi að kjósa fulltrúa í menningarráðið í hans stað.

Ég vil þakka sveitarstjórnarmönnum og starfsmönnum sveitarfélaga, stjórn og starfsmönnum Fjórðungssambandsins og stjórn Menningarráðs Vestfjarða einkar ánægjulegt samstarf síðastliðið ár.

Takk fyrir.

### **Þingskjal 4b**

Markaðsfulltrúi – kynning á Fjórðungsþingi, sjá samnefnt fylgiskjal.

### **Þingskjal 4c**

AtVest – ársreikningur 2012, sjá samnefnt fylgiskjal.

AtVest – starfsskýrsla 2012, sjá samnefnt fylgiskjal.

AtVest – starfsáætlun 2013-2014, sjá samnefnt fylgiskjal.

### **Þingskjal 5**

Ársreikningur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks 2012, sjá samnefnt fylgiskjal.

### **Þingskjal 6**

Skýrsla samgöngunefndar 2013, sjá samnefnt fylgiskjal.

Fastanefnd um samgöngumál – glærur, sjá samnefnt fylgiskjal.

### **Þingskjal 7**

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

#### **Sóknaráætlanir landshluta**

58. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 lýsir undrun og hneykslun á því að sóknaráætlanir landshlutanna skuli nú vera í uppnámi vegna þess að ekki er lagt fjármagn til þess verkefnis í frumvarpi að fjárlögum fyrir árið 2014. Það vinnulag að fela landshlutum sjálfum að forgangsraða verkefnum til sóknar og uppbyggingar er til fyrirmyndar og mikilvægt að framhald verði þar á í góðri samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Skorað er á Alþingi og ríkisstjórn að

fylgja þessu verkefni eftir af djörfung og dug og tryggja að framlag ríkisvaldsins til sóknaráætlana landshlutanna verði ekki lægra en á yfirstandandi ári, annað er ósættanlegt.

### **Pingskjal 8**

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

#### **Orkumál**

58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013, mótmælir því harðlega að ný ríkisstjórn ætli að vinna gegn því að jafna raforku- og húshitunarkostnað á landinu líkt og kemur fram í framlögðu frumvarpi að fjárlögum 2014. Niðurskurður sá er kemur fram í fjárlögum 2014 er sömuleiðis andstæður stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Fjórðungspingið skorar á stjórnvöld að setja þessi málefni í forgang og að aferandi skref verði tekin við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2014.

#### **Jöfnun dreifingarkostnaðar raforku**

Fjórðungsping Vestfirðinga bendir á að með nýrri skipan raforkumála voru samþykkt sérstök lög, nr. 98 /2004 um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku. Þar kemur fram að: *Markmið laga þessara er að stuðla að jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda. Í lögum segir m.a.: Greiða skal niður kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku á þeim svæðum þar sem Orkustofnun hefur heimilað sérstakar dreifbýlisgjaldskrár í samræmi við ákvæði 5. mgr. 17. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Í lögum stendur einnig: Skilyrði niðurgreiðslu er að meðaldreifingarkostnaður notenda á orkueiningu sé umfram viðmiðunarmörk sem ráðherra setur í reglugerð. Við ákvörðun viðmiðunarmarka skal taka mið af hæstu gjaldskrá dreifiveitu að dreifbýlisgjaldskrá undanskildum. Þeirri fjárhæð sem ákveðin er í fjárlögum hverju sinni skal skipt hlutfallslega eftir orkunotkun á dreifbýlisgjaldskrársvæði miðað við kostnað dreifiveitu umfram viðmiðunarmörk í reglugerð.*

Þegar lögin tóku gildi í upphafi árs 2005 var veitt 230 mkr. í þennan málaflokk. Gert var ráð fyrir að sú upphæð dygði til að verðjafna, sem þó reyndist ekki alveg duga, milli dreifbýlis og þéttbýlisgjaldskrár hjá dýrustu þéttbýlisveitunni. Í dag er veitt 240 mkr. í þennan málaflokk, en þyrfti að vera um 1100 mkr. til að jafna muninn alveg. Ef þessi munur væri jafnaður yrði raforkuverð til heimila á Íslandi nánast það sama um allt land.

#### **Jöfnun húshitunarkostnaðar**

Fjórðungsping Vestfirðinga skorar á stjórnvöld að fara að tillögum starfshóps um jöfnun húshitunarkostnaðar, sem starfaði á vegum iðnaðarráðuneytisins og skilaði niðurstöðum í *Skýrslu starfshóps um breytingar á niðurgreiðslum til húshitunar* í desember 2011. Niðurgreiðslur til húshitunar skv. frumvarpi til fjárlaga 2014 eru 1344 mkr., en ættu að vera a.m.k. 1700 mkr. skv. upphaflegu fjármagni til verkefnisins árið 2005.

### **Pingskjal 9**

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

#### **Markaðsátak fyrir Vestfirði**

58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 leggur til að sveitarfélögin á Vestfjörðum fari í sameiginlegt markaðsátak til að vekja athygli á Vestfjörðum sem ákjósanlegs áfangastaðar ferðamanna og ýta undir jákvæða ímynd.

*Greinargerð:*

Fyrrihluta árs 2011 var lögð fram tillaga af Markaðsstofu Vestfjarða um að farið yrði í stórt sameiginlegt markaðsátak í tengslum við ferðaþjónustu á svæðinu, um var að ræða þriggja ára verkefni sem fjármagnað yrði af sveitarfélögunum, Vaxtarsamningi Vestfjarða og þátttöku fyrirtækjum. Heildarkostnaður átaksins átti að vera 40 milljónir, þar sem kostnaður sveitarfélaganna var 20 milljónir. Verkefnið fór aldrei af stað vegna þess að ekki fékkst endanlegt samþykki allra sveitarfélaganna á Vestfjörðum.

Fjórðungsþing leggur til að markaðsfulltrúa verði falið að útfæra verkefnið nánar ásamt stjórn sambandsins og leggja aðgerða- og kostnaðaráætlun fyrir sveitarfélögin í nóvember.

### **Pingskjal 10**

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

#### **Endurnýjun menningarsamninga**

58. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 óskar eindregið eftir því við ríkisvaldið að menningarsamningar ríkis og sveitarfélaga á landsbyggðinni verði endurnýjaðir, en þeir renna út í árslok 2013. Menningarsamningur við Vestfirði var fyrst gerður 2007 og hefur reynslan af honum og starfsemi Menningarráðs Vestfjarða verið til fyrirmyndar. Mikilvægt er að við endurnýjun samninga verði heildarfjármagn til stofn- og rekstrarstyrkja aukið verulega.

#### *Greinargerð:*

Niðurskurður og breytingar sem orðið hafa síðustu ár á stuðningi ríkisins við uppbyggingu og rekstur menningarstofnana á landsbyggðinni hefur orðið til þess að heildarframlög ríkisins til uppbyggingar á Vestfjörðum hafa lækkað umtalsvert, s.s. við tilfærslu á þeim fjármunum sem fjárlaganefnd úthlutaði áður á grundvelli styrkja.

Á Vestfjörðum hefur verið umtalsverð uppbygging á sviði lista og menningartengdrar ferðaþjónustu síðustu tvo áratugi og fjölbreytt varanleg söfn, setur og sýningar, hafa hafið starfsemi. Uppbygging er á mjög viðkvæmu stigi í mörgum þessara verkefna og nauðsynlegt að styrkja stoðir þeirra til að þau nái þeim árangri sem að er stefnt. Á sumum svæðum Vestfjarða eru þessi verkefni á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu lykilaðilar við uppbyggingu ferðaþjónustu. Á grundvelli þeirra gefast sóknarfæri í uppbyggingu mennta- og rannsóknatengdrar ferðaþjónustu og þau eru um leið líkleg til að draga til sín önnur verkefni og fólk sem starfar í skapandi greinum, s.s. listafólk, fjölmiðlafólk og fræðimenn.

Með auknum framlögum tækist að skapa betra umhverfi fyrir menningarstofnanir, söfn, setur og sýningar á Vestfjörðum, efla rekstrargrunn þeirra, auk þess að efla og styrkja samspil menningar, ferðaþjónustu og fræða. Slík áhersla myndi auka möguleika Vestfjarða á að efla mannlíf og atvinnulíf með uppbyggingu menningarstarfsemi og stuðla að jákvæðri byggðapróun. Um leið skapast tækifæri fyrir vestfirskar menningarstofnanir til að taka virkan þátt í átaki yfirvalda ferðamála um bætt dreifingu ferðamanna um landið og uppbyggingu ferðaþjónustu á heilsárs grundvelli.

### **Pingskjal 11**

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

#### **Menntamál**

## 58. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 11. og 12. október 2013 í Trékyllisvík

Pinggerð

58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 skorar á stjórnvöld að efla þær aðgerðir og verkefni sem hrint hefur verið af stað á undanförunum árum til að efla menntunarkosti á Vestfirðum.

### Fullorðinsfræðsla

Fjórðungsping Vestfirðinga leggur áherslu á mikilvægi fullorðinsfræðslu fyrir Vestfirði og starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða í því samhengi. Fræðslumiðstöðin hefur auk reglubundinnar starfsemi lagt áherslu á nýsköpun til að mæta breytingum og áföllum í atvinnulífi. Fjórðungsping Vestfirðinga hvetur stjórnvöld til að styðja framgang verkefnisins „Menntun í Norðvesturkjördæmi“.

### Framhaldsskóli

Fjórðungsping Vestfirðinga leggur áherslu á að haldið sé úti fjölbreyttu bók- og starfsnámi við Menntaskólann á Ísafirði og að ekki sé þrengt að starfsemi skólans með óhagstæðum rekstarmódelum sem miðuð eru við fjölmennari skóla eða stór upptökusvæði fyrir nema. Staðbundið framhaldsnám er hluti af jöfnuði í búsetuskilyrðum landsmanna og öflug starfsemi Menntaskólans á Ísafirði og starfsemi framhaldsdeilda á Patreksfirði og nú á Hólmavík er þar afar mikilvægur þáttur.

### Meistaránám á háskólastigi

Fjórðungsping Vestfirðinga leggur áherslu á að stjórnvöld leggi Vestfirðingum lið í að efla starfsemi Háskólaseturs Vestfjarða. Háskólasetur Vestfjarða hefur fest í sessi alþjóðlegt meistaránám á sviði haf- og strandsvæðastjórnunar og unnið að þróun nýrra námsleiða með stuðningi Sóknaráætlunar Vestfjarða og Vaxtarsamnings Vestfjarða. Samhliða er rekið öflugt fjarnám í samstarfi við íslenska háskóla auk ýmissar þjónustu við háskólanema.

## Þingskjal 12

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

### Sauðfjárveikivarnir

58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 skorar á Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að tryggja nauðsynlegt fjármagn til að viðhalda sauðfjárveikivarnalínunum. Bent er á að Vestfirðir eru hreint svæði þegar kemur að sauðfjárjúkdómum og til að svo verði áfram er sérstaklega mikilvægt að viðhald á sauðfjárveikivarnargirðingu úr Bitrufirði í Gilsfjörð verði til fyrirmyndar. Þar eru miklir hagsmunir í húfi fyrir sauðfjárrækt á landinu öllu, því sauðfé norðan línu er keypt til uppbyggingar á sauðfjárstofnum í öðrum landshlutum þar sem skakkaföll hafa orðið.

## Þingskjal 13

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

### Refa- og minkaveiðar

58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 leggur til að ábyrgð á refa- og minkaveiðum færist frá sveitarfélögum til ríkisins og ríkið sjái um málaflokkinn á landsvísu. Þannig er hægt að samræma skipulag veiða og greiðslur til veiðimanna auk þess sem betri yfirsýn fæst yfir stöðu mála og möguleikar skapast til að stunda rannsóknir á stærri svæðum.

### Greinargerð:

Eins og staðan er nú er verulegur munur á því hvernig refa- og minkaveiði er sinnt í einstökum sveitarfélögum og á ólíkum landssvæðum. Þyngstar byrðar af þessum málaflokki bera sveitarfélög



sem eru víðlend og fámenn, þar sem landbúnaðar skiptir miklu máli og hlunnindi eru af æðarvarpi. Sérstakar aðstæður sveitarfélaga sem eiga land að friðlandi refa á Hornströndum koma þar líka til álita. Ef sveitarfélög eiga áfram að sinna refaveiðum er mikilvægt að ríkisvaldið auki verulega greiðslur vegna fækkunar refa og eyðingar minks og láti af skattlagningu í formi virðisaukaskatts vegna veiðanna.

### **Pingskjal 14**

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

#### **Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða**

58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013, leggur til áframhald á samvinnu sveitarfélaganna á Vestfjörðum um gerð nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Vestfjarða og aðkomu ríkisins að þeirri vinnu. Áætluninni er ætlað að fyrirbyggja hagsmunaaðrekstra og draga úr álagi á umhverfi vegna nýtingar, ásamt því að auka samkeppnishæfni svæðisins og snúa þannig við neikvæðri mannfjöldaþróun síðustu 30 ára. Gerð nýtingaráætlunarinnar samræmist þeim ásetningi sveitarfélaga á Vestfjörðum að efla svæðið með sameiginlegri stefnumótun er byggi á styrkleikum svæðisins og þeim auðlindum sem þar er að finna, ekki síst á haf- og strandsvæðum.

***Í ljósi þess að sveitarfélög hafa ekki skipulagsvald á strandsvæðum er lagt til að sveitarfélögin greiði 10% af kostnaði við verkefnið og ríkisvaldið 90%. Ríkisvaldið hefur mikilla hagsmuna að gæta á strandsvæðunum líkt og sveitarfélögin og skörun við önnur verkefni er umtalsverð.***

*Greinargerð:*

Í raun er hér um að ræða skipulagsáætlun og yrði nýtingaráætlunin brautryðjendaverkefni á Íslandi, til þess fallin að skipa Íslandi á bekk með Norðurlöndunum og fleiri Evrópuþjóðum hvað varðar skipulag strandsvæða, en strandlengja Vestfjarða er þriðjungur af strandlengju Íslands.

Þar sem sveitarfélögin hafa enn ekki skipulagsvald út fyrir netlög yrði slík nýtingaráætlun yfirlýsing sveitarfélaganna um hvernig þau vilja að strandsvæðin séu nýtt. Áætlunin myndi einnig veita leyfisveitendum, eftirlitsaðilum, notendum og íbúum gott aðgengi að hagnýtum grunnupplýsingum um náttúrufar og núverandi nýtingu svæðisins. Vinnan mun auk þess nýtast opinberum aðilum beint við:

- Frekari söfnun grunnupplýsinga og uppbyggingu þekkingar á strandsvæðinu
- Endurskoðun laga um skipulag og stjórnsýslu á haf- og strandsvæðum
- Gerð hafskipulags
- Gerð og endurskoðun landsskipulagsstefnu
- Framkvæmd laga um stjórn vatnamála
- Skráningu og utnumhald á núverandi nýtingu haf- og strandsvæða

Verkefnið er áfangaskipt þannig er nýtingaráætlun fyrir Arnarfjörð í lokauglýsingu en nú er að hefjast vinna við Ísafjardardjúp og Jökulfirði. Með verkefninu hefur verið þróuð aðferðarfræði sem lögð er til grundvallar næstu áföngum. Verkefnið hefur notið víðtæks stuðnings á meðal íbúa, hagsmunaaðila og hins opinbera og hefur það auðveldað alla vinnu þess.

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa ályktað um skipulagsmál utan lögsögu sveitarfélaga. Þau telja rétt að þau öðlist skipulagsvald á strandsvæðunum, þ.e. að einni sjómílu út fyrir grunnlínupunkta landhelginnar. Um þetta eru eflaust skiptar skoðanir en þetta ætti þó ekki að spilla fyrir framhaldi verkefnisins, því það liggur fyrir að opinberar stofnanir munu þurfa að ráðast í verk sem skarast við innihald nýtingaráætlunarinnar.

Samvinna ríkis og sveitarfélaga er mikilvæg til að gæta samræmis í stefnu þeirra, þ.e. samræmingu nýtingaráætlunar við landsskipulagsstefnu og hafskipulag, þegar og ef það tekur gildi. Nýtingaráætlunin getur þannig orðið hluti af hafskipulagi, nánari útfærsla þess eða grunnur sérstaks strandsvæðaskipulags. Nánari útfærslur yrðu gerðar í samningi á milli stofnana, ráðuneyta og Fjórðungssambands Vestfirðinga.

### **Pingskjal 15**

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

#### **Svæðisskipulag Vestfjarða**

58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 skorar á sveitarfélög á Vestfjörðum að sammælast um að hefja gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði og gera ráð fyrir verkefninu við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélaganna. Fjórðungsping felur stjórn að taka saman greinargerð á grundvelli stefnumörkunar 58. Fjórðungspings Vestfirðinga. Í greinargerð verði sett fram tillaga um umfang svæðisskipulags og kostnað við framkvæmd þess. Greinargerðin verði lögð fyrir sveitarfélög á Vestfjörðum fyrir miðjan nóvember á þessu ári.

### **Pingskjal 16**

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

#### **Fiskeldi og skelrækt**

58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 skorar á stjórnvöld að hraða úttekt á framkvæmd laga og reglugerða sem sett hafa verið um fiskeldi og skelrækt. Sett verði að markmiði að auka skilvirkni og gegnsæi í framkvæmd mála með úrbótum á reglugerðum og eða breytingu á lögum eftir því sem við á.

Fiskeldi og skelrækt eru vaxtarsprotar í atvinnulífi á Vestfjörðum, til framtíðar litið eru miklar vonir bundnar við að atvinnugreinin verði ein af meginstoðum byggðar á Vestfjörðum. Mikilvægt er að vel takist til við þróun mála atvinnugreinarinnar með tilliti til samfélags, atvinnulífs og umhverfis, þar á setning laga og reglugerða og framkvæmd þeirra mikinn þátt. Fjórðungsping Vestfirðinga lýsir því vonbrigðum yfir töfum og ógagnsæi í leiðbeiningum stjórnarsýslunnar við leyfisveitingar og því tjóni sem af því hefur hlotist.

### **Pingskjal 17**

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

#### **Svæðasamstarf og sameiningarmál sveitarfélaga**

58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 felur stjórn FV að stofna starfshóp sveitarfélaga á Vestfjörðum til að hefja viðræður um aukna samvinnu sveitarfélaga á Vestfjörðum og hugsanlegan grundvöll fyrir sameiningu þeirra á næstu árum. Starfshópnum verði einnig falið að hefja viðræður við stjórnvöld um gerð langtímasamnings um tilflutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga, og verkefni á sviði samgangna og fjarskipta.

### **Pingskjal 18**

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

### Málefni fatlaðs fólks

58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 telur að umsýslu og utanumhald með málefnum fatlaðs fólks sé betur fyrir komið í höndum sveitarfélaganna en ríkisvaldsins. Tölulegar staðreyndir sýna hins vegar að fjármagnið sem varið er til málaflokksins á Vestfjörðum er engan veginn að standa undir þeim útgjöldum sem sveitarfélögin þurfa að bera og treystir Fjórðungsping Vestfirðinga því að úr þessu verði bætt hið snarasta, annað er óásættanlegt.

Fjórðungsping undrast jafnframt þá einhliða ákvörðun ríkisvaldsins að leggja af framlag með þjónustuþegum sem „kosta“ samkvæmt mati, er fjórar milljónir króna, eða minna. Fjórðungsping telur það óásættanlega framkomu og fer fram á að þessi ákvörðun verði afturkölluð. Ákvarðanir sem þessar ala á tortryggni og virðast til þess eins gerðar að hægt verði að laga ástand sem fyrir yfirfærslu var óviðunandi. Telja verður að sérstakt aukaframlag þurfi að koma frá ríkisvaldinu til þess að vinna bug á biðlistum, þeir peningar verði ekki teknir af framlögum sem nýttir eru að stórum hluta beint í þjónustuna.

Það er jafnframt álit Fjórðungspings Vestfirðinga að aðferðir við útreikning þjónustuframlaga þurfi að verða gegnsærri. Sú staðreynd að SIS mat er stutt á veg komið er einnig óviðunandi og eykur óvissu í allri áætlanagerð. Misvísandi skilaboð virðast berast frá ríkisvaldi hvað varðar framkvæmd matsins og er það krafa Fjórðungspings að fá skýr svör og að allir þjónustuþegar verði metnir inn í SIS mat kerfið. Breytingar á forsendum samnings á miðju rekstrartímabili er algjörlega óviðunandi og enn eru leikreglur ekki fullkomlega mótaðar.

## Þingskjal 19

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

### Samþykktir Fjórðungssambands Vestfirðinga

#### 1. gr. Heiti og heimili.

Samtökin nefnast Fjórðungssamband Vestfirðinga ~~eru landshlutasamtök sveitarfélaga~~. Starfsvæði Fjórðungssambandsins er Vestfirðir allir að Brekkuá í Gilsfirði að vestan og austur um að Stikuhálsi milli Bitru og Hrutafjarðar.

Heimili og varnarþing sambandsins er á Ísafirði.

#### 2. gr. Hlutverk.

**Fjórðungssamband Vestfirðinga eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Vestfjörðum og starfar með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.**

Markmið samtakanna eru:

- að efla **og styðja við** búsetu, **mannlíf** og atvinnulíf á Vestfjörðum.
- að vera sameiginlegur málssvari sveitarfélaga á Vestfjörðum og vinna að hagsmunum og samstarfi þeirra.
- að efla samvinnu sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna.
- að vinna að sameiginlegum málum er löggjafinn kann að fela þeim

**Málaflokkar sem Fjórðungssamband Vestfirðinga fæst við snúa að byggðapróun og atvinnumálum, menningarmálum, markaðsmálum og kynningu Vestfjarða. Heimilt er að stofna og starfrækja ráð og nefndir til að sinna afmörkuðum verkefnum og hafa samvinnu um vinnu við tiltekna málaflokka á grundvelli samninga.**

## 58. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 11. og 12. október 2013 í Trékyllisvík

Pinggerð

Sambandið skal starfa í samvinnu við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga og samstarfsnefndir sveitarfélaga á Vestfjörðum auk annarra félaga og stofnana sem starfa á vestfirsku vísu, eftir því sem við á.

3. gr. *Fjórðungsping Vestfirðinga.*

**Ársfundur Fjórðungssambands Vestfirðinga nefnist Fjórðungsping Vestfirðinga.** Fjórðungsping skal kallað saman árlega, eigi síðar en í **október**. Stjórn boðar til þingsins með minnst fjögurra vikna fyrirvara og skal dagskrá send sveitarstjórnnum eigi síðar en tíu dögum fyrir þingið. Þingið er lögmaett ef löglega er til þess boðað. **Fjórðungsping Vestfirðinga setur sér þingsköp í samræmi við samþykktir sambandsins.**

Stjórn er heimilt að bjóða til Fjórðungspings aðilum, sem tengjast umfjöllun og starfi sambandsins, og hafi þeir málfrelsi og tillögurétt.

Aukaþing skulu haldin þegar stjórn sambandsins telur ástæðu til svo og þegar fjórðungur sveitarfélaga innan sambandsins óskar þess, enda sé fundarefnið tilgreint. Boðað skal til aukapings með a.m.k. viku fyrirvara.

4. gr. *Fulltrúar á Fjórðungsping og atkvæðavægi.*

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á Fjórðungsping og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir sem fulltrúar á Fjórðungsping eru nýkjörnir aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra jafnmargir að tölu.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa jafnmarga fulltrúa og skipa sveitarstjórn hverju sinni og jafnmarga til vara til setu á Fjórðungspingi. Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert ~~desember næstliðið~~ ár, margfaldaðri með vogtölu sveitarfélagsins. Vogtala ákvarðast þannig:

Sveitarfélag með 200 íbúa eða færri	Vogtala 3.0
Sveitarfélag með 201-500 íbúa	Vogtala 2.0
Sveitarfélag með 501-1000 íbúa	Vogtala 1.5
Sveitarfélag með fleiri en 1000 íbúa	Vogtala 1.0

Heimilt er sveitarstjórn að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa. Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um kjör fulltrúa á Fjórðungsping.

5. gr. *Stjórn Fjórðungssambandsins.*

Á Fjórðungspingi skal kjósa fimm menn í stjórn sambandsins og jafn marga til vara og skal kjörtímabil stjórnar vera tvö ár. Kjörgengir til stjórnar eru aðal- og varafulltrúar í sveitarstjórnnum á Vestfjörðum.

Úr hópi kjörinna stjórnarmanna kýs Fjórðungsping formann stjórnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnarformaður, sem gegnt hefur formennsku í fjögur ár samfleytt, er ekki kjörgengur til formannskjörs fyrr en að jafnlöngum tíma liðnum.

**Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer með yfirstjórn á rekstri samtakanna í samræmi við fjárhagsáætlun og aðrar samþykktir aðalfundar.** Stjórn vinnur að framkvæmd mála sem Fjórðungsping ákveður hverju sinni eða lög frá Alþingi segja til um. Stjórn er heimilt að hafa frumkvæði að málum og taka upp mál sem sveitarfélög innan sambandsins beina til hennar og varða hagsmuni vestfirskra sveitarfélaga.

6. gr. *Framkvæmdastjóri.*

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga ræður framkvæmdastjóra samtakanna og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning. Framkvæmdastjóri veitir skrifstofu samtakanna forstöðu og hefur á

hendi fjármálastjórn. Framkvæmdastjóri á sæti á Fjórðungspingi og stjórnarfundum með fullu málfrelsi og tillögurétti. Hann skal leggja fram starfsskýrslu á ársþingi. Framkvæmdastjóri ræður aðra fastráðna starfsmenn samtakanna í samráði við stjórn, markar starfssvið þeirra og gerir við þá ráðningarsamninga, eftir því sem við á.

7. gr. *Ársreikningur.*

Reikningsár sambandsins er almanaksárið.

8. gr. *Dagskrá Fjórðungspings.*

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal undirbúa og hafa umsjón með Fjórðungspingi.

Stjórnin leggur fyrir Fjórðungsping endurskoðaða ársreikninga, tillögu til fjárhagsáætlunar og undirbýr önnur mál fyrir þingið. Bæði reikningarnir og fjárhagsáætlunin skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 10 dögum fyrir Fjórðungsping. skal úrskurða reikninga, afgreiða endurskoðaða fjárhagsáætlun ársins og fjárhagsáætlun næsta árs og ákveða árstíllag sveitarfélaganna til sambandsins sem skal greitt með fjórum jöfnum afbörgunum, 15. febrúar, 15. maí, 15. ágúst og 15. nóvember ár hvert.

Á dagskrá Fjórðungspings skulu vera þessi mál;

1. Skýrsla stjórnar og rekstareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og ákvörðun um árstíllag.
4. Starfsáætlun fyrir komandi ár
5. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns (annað hvert ár)
6. Kosning í fastanefndir
7. Laun og þóknun til stjórna og nefnda
8. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis
9. Önnur mál löglega fram borin

Árstíllag sveitarfélaganna til sambandsins skal vera tiltekin upphæð á hvern íbúa viðkomandi sveitarfélags miðað við 1. janúar ár hvert. Gjald dagar skulu vera 15. dags hvers mánaðar með jöfnum greiðslum yfir ári. Sé gjaldið ekki greitt fyrir 1. dag næsta mánaðar skal reikna dráttarvexti frá gjalddaga.

9. gr *Fastanefndir*

Á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga starfa tvær fastanefndir, Fastanefnd um samgöngumál og Menningarráð Vestfjarða. Á Fjórðungspingi skulu kosnir fimm fulltrúar og fimm til vara í hvora þeirra. Formann nefndar um samgöngumál skal kjósa sérstaklega úr hópi stjórnar Fjórðungssambandsins. Kjörtímabil nefnda skal vera tvö ár og fylgir kosningu stjórnar samanber 5. gr. Þá skal Fjórðungsping kjósa fulltrúa Fjórðungssambands Vestfirðinga í aðrar nefndir og ráð.

10. gr. *Kostnaður.*

Kostnaður við stjórn sambandsins, fundarhöld, ferðalög stjórnar og annar sameiginlegur kostnaður greiðist úr sameiginlegum sjóði. Þóknarir vegna setu í stjórn, nefndum og ráðum skulu ákveðnar á Fjórðungspingi.

Hvert sveitarfélag greiðir ferðakostnað eigin fulltrúa.

11. gr. *Breytingar á samþykktum.*

Tillögur til breytinga á samþykktum þessum skulu sendar aðildarsveitarfélögum með dagskrá þingsins. Breyta má lögum þessum á Fjórðungspingi og þarf 2/3 hluta gildra atkvæða til að breyting nái fram að ganga.

12. gr. *Um aðild og úrsögn.*

Sækist sveitarfélag eftir aðild að sambandinu skal það senda umsókn til stjórnar eigi síðar en mánuði fyrir Fjórðungsping og skal leggja umsóknina fyrir þingið. Meirihluta atkvæða þarf fyrir samþykki um aðild. Ef umsókn um aðild er samþykkt skal hún taka gildi næstu áramót eftir Fjórðungsping.

Sveitarfélag sem hefur fengið samþykkt aðild að sambandinu skal greiða fyrir eignarhlut sinn í hlutfalli við íbúafjölda. Miða skal við hreina eign sambandsins.

Kjósi sveitarfélag að hætta þátttöku í Fjórðungssambandinu, skal tilkynna það stjórn eigi síðar en sex mánuðum fyrir Fjórðungsping og tekur úrsögnin gildi um næstu áramót á eftir. Á kosningarári skal úrsögn tilkynnast fyrir 1. júlí. Við úrsögn skal reikna út eignarhlut eða skuld sveitarfélags í samtökunum. Greiðsla til sveitarfélags, eða frá sveitarfélagi, skal vera í hlutfalli við íbúafjölda. Hætti sveitarfélag þátttöku í sambandinu þá skal jafnframt fara fram endurskoðun á samþykktum þessum.

13. gr. *Slit.*

Fjórðungssambandið verður ekki lagt niður nema tvö löglega boðuð Fjórðungsping samþykki það með 2/3 hluta atkvæða. Þingin skulu haldin með a.m.k. þriggja mánaða millibili. Tillaga að slitum sambandsins skal fylgja fundarboði. Áður en seinni fundurinn er haldinn skal afstaða aðildarsveitarfélaga til slitanna liggja fyrir. Til þess að slit á sambandinu nái fram að ganga þurfa 2/3 hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að staðfesta þau.

14. gr. Gildistökuákvæði ~~bráðabrigðaákvæði~~

**Samþykkt á 58. Fjórðungspingi Vestfirðinga 12. október 2013. Samþykktir þessar taka gildi þann 1. janúar 2014. Samþykktir þessar taka gildi að afloknu 58. Fjórðungspingi Vestfirðinga 2013.**

## Þingskjal 20

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

### Samgöngur tengja saman fólk og byggðir

58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið 11. og 12. október 2013 í Trékyllisvík krefst þess að forgangsröðun stjórnvalda beinist áfram að bættum samgöngum á Vestfjörðum.

Í markmiðum Samgönguáætlunar 2011-2022, sem samþykkt var á Alþingi vorið 2012, segir: „Samgöngur tengja saman fólk og byggðir. Í samræmi við sóknaráætlun og svæðaskiptingu landsins verði við forgangsröðun framkvæmda tekið mið af þörfum einstakra svæða fyrir bættar samgöngur til að efla sveitarfélög, styrkja hvert svæði og landið allt.“

Vestfirðingar njóta enn ekki þess sem aðrir landsmenn hafa fengið, sem er að tengja allar byggðir aðalþjóðvegakerfi landsins með heilsársvegi og að tengja saman helstu þéttbýlissvæði á Vestfjörðum.

Til að það náist fram þarf:

1. Að klára vegagerð um Gufudalssveit í Barðastrandarsýslu á Vestfjarðavegi 60.
2. Að standa við áætlanir um gerð Dýrafjarðarganga 2015-2018 og vinna samhliða að endurgerð vegar um Dynjandisheiði.
3. Að vinna að uppbyggingu nýs vegar í Árneshreppi í áföngum, þar sem byrjað verði á vegi um Veidíleysuháls og Bjarnafjarðarháls.

4. Að jarðgöng á milli Ísafjarðar og Súðavíkur komist inn á samgönguáætlun, sem næstu jarðgöng á eftir Dýrafjarðargöngum.

Um leið og Fjórðungsþing metur vel þá áfanga sem unnist hafa á síðustu árum og framkvæmdir sem nú sér fyrir endann á í Steingrímsfirði og í Múlasveit í Barðastrandarsýslu, þá hrópa allar aðstæður í atvinnulífi og mannlífi á Vestfjörðum á það, að landshlutinn njóti forgangs í vegamálum á næstu árum, þar til markmiðum Samgönguáætlunar um jákvæða byggðapróun verði náð.

Ennfremur minnir Fjórðungsþing á að viðhald vegakerfisins er mikilvægur öryggisþáttur sem ekki má gleymast. Þá eru endurbætur vega og bætt aðgengi að helstu ferðamannaperlum Vestfjarða, svo sem Látrabjargi, brýn nauðsyn, bæði út frá sjónarmiði öryggis og til eflingar ferðapjónustu á Vestfjörðum.

Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur áherslu á að hvergi verði kvikað frá þeirri framkvæmdaáætlun sem Alþingi samþykkti 2012 og felur í sér flýtingu framkvæmda við Dýrafjarðargöng og á Dynjandisheiði á árunum 2015-2018. Ríkisstjórn Íslands ber að vinna í samræmi við vilja þjóðarinnar, sem endurspeglast í samþykkt Alþingis. Aðstæður á Vestfjörðum kalla á bætтар samgöngur sem eru forsenda þróunar og framfara í atvinnumálum og byggðamálum fjórðungsins.

### Um mikilvægi áætlunarflugs og Reykjavíkurflugvallar

Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningsamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Mikilvægi Reykjavíkurflugvallar fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar verður aldrei of oft ítrekuð. Brýnt er að standa vörð um þá þjónustu og öryggi sem flugsamgöngur veita íbúum á Vestfjörðum. Álögur á fargjöld í innanlandsflugi hafa stórauðist síðustu ár og brýnt er að endurskoða og minnka þær, svo grundvöllur innanlandsflugs veikist ekki meir en orðið er.

### Um strandsiglingar

Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur áherslu á að stjórnvöld haldi vöku sinni og tryggi framhald sjóflutninga í kringum landið. Mikilvægt skref var stigið á þessu ári þegar skipafélögin hófu á ný siglingar á stærstu hafnir á landsbyggðinni. Sú þjónusta hefur sannað gildi sitt. Tryggja þarf áframhald þeirrar þróunar og að þjónustan nái til fleiri byggðarlaga. Til þess þurfa stjórnvöld á hverjum tíma að vera tilbúin að grípa inn í þróun mála, ef aðstæður krefjast.

### Um fjarskipti og jafnrétti

Fjórðungsþing Vestfirðinga lýsir vonbrigðum með framgang í uppbyggingu ljósleiðaranets á Vestfjörðum. Hringtengt gagnaflutningsnet á grunni ljósleiðara er til framtíðar litið grundvöllur fyrir atvinnuþróun á Vestfjörðum og jöfnun búsetuskilyrða. Hraða þarf uppbyggingu þessa kerfis og fyrsti áfangi verði lagning ljósleiðara til Hólmavíkur og Drangsness, en það eru einu þéttbýlisstaðir landsins sem ekki eru tengdir ljósleiðarakerfi landsins, sem er óásættanlegt.

## Þingskjal 21

- Lagt fram af Örnú Láru Jónsdóttur

### Ósk um að aðildarviðræður við ESB verði kláraðar

58. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík, 11. og 12. október 2013 harmar þá ákvörðun ríkisstjórnar Íslands að slá aðildarviðræðum við Evrópusambandið á frest.

Þingið skorar á ríkisstjórn Íslands að klára aðildarviðræðurnar við ESB og að besti fánlegur samningur verði borinn upp í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar hefur í för með sér að óvissa ríkir um áframhald IPA verkefnanna. Gríðarleg vinna hefur verið lögð í undirbúning verkefna sem miða öll að því að bæta samkeppnishæfni svæða. IPA verkefnið skipta landshlutana verulega miklu máli við eflingu atvinnulífs og byggðar.

Byggðastefna ESB miðar að því að aðstoða hvert svæði við að nýta getu sína til fullnustu með því að bæta samkeppnishæfni og efla atvinnulíf. Það er gert með verulegu fjármagni og aðferðafræði sem gæti nýst okkur Íslendingum afar vel.

### **Pingskjal 22**

- Lagt fram af Kristjáni Andra Guðjónssyni

58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík þann 11.-12. október hafnar alfarið þeirri leið sem ráðherra sjávarútvegsmála hefur boðað í úthlutun aflamarks í úthafsækju. Ljóst má vera að verði fyrirætlanir ráðherra samþykktar verður það til stjórtjóns rækjuiðnaarins á Vestfjörðum.

### **Pingskjal 23**

- Lagt fram af Jennýju Jensdóttur varaþingforseta

#### **Gjögurflug**

58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 veur athygli á að flug á Gjögurflugvöll uppfyllir ekki reglur og samninga sem í gildi eru. Á tímabilinu 1. júní til 1. október er flogið á einshreyfilsvél á flugleið Rvk – Gjögur og þar með er verið að leggja farþega í óásættanlega hættu. Flugfélagið Ernir er með sérleyfi á leiðinni fyrir fraktflug og farþegaflug. Þingið krefst þess að úr þessu verði bætt hið snarasta.

### **Pingskjal 24**

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

#### **Sóknaráætlanir landshluta**

58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 lýsir undrun og hneykslun á því að sóknaráætlanir landshlutanna skuli nú vera í uppnámi vegna þess að ekki er lagt fjármagn til þess verkefnis í frumvarpi að fjárlögum fyrir árið 2014. Það vinnulag að fela landshlutum sjálfum að forgangsraða verkefnum til sóknar og uppbyggingar er til fyrirmyndar og mikilvægt að framhald verði þar á í góðri samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Skorað er á Alþingi og ríkisstjórn að fylgja þessu verkefni eftir af djörfung og dug og tryggja að framlag ríkisvaldsins til sóknaráætlana landshlutanna verði ekki lægra en á yfirstandandi ári, annað er óásættanlegt.

### **Pingskjal 25**

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

#### **Orkumál.**

58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013, mótmælir því harðlega að ný ríkisstjórn ætli að vinna gegn því að jafna raforku- og húshitunarkostnað á landinu líkt og kemur fram í framlögðu frumvarpi að fjárlögum 2014. Niðurskurður sá er kemur fram í fjárlögum 2014 er sömuleiðis andstæður stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Fjórðungspingið skorar á stjórnvöld að setja þessi málefni í forgang og að afgerandi skref verði tekin við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2014.

#### **Jöfnun dreifingarkostnaðar raforku.**



Fjórðungsþing Vestfirðinga bendir á að með nýrri skipan raforkumála voru samþykkt sérstök lög, nr. 98 /2004 um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku. Þar kemur fram að: *Markmið laga þessara er að stuðla að jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku til almennra notenda. Í lögunum segir m.a.: Greiða skal niður kostnað almennra notenda vegna dreifingar raforku á þeim svæðum þar sem Orkustofnun hefur heimilað sérstakar dreifbýlisgjaldskrár í samræmi við ákvæði 5. mgr. 17. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Í lögunum stendur einnig: Skilyrði niðurgreiðslu er að meðaldreifingarkostnaður notenda á orkueiningu sé umfram viðmiðunarmörk sem ráðherra setur í reglugerð. Við ákvörðun viðmiðunarmarka skal taka mið af hæstu gjaldskrá dreifiveitu að dreifbýlisgjaldskrár undanskildum. Þeirri fjárhæð sem ákveðin er í fjárlögum hverju sinni skal skipt hlutfallslega eftir orkunotkun á dreifbýlisgjaldskrársvæði miðað við kostnað dreifiveitu umfram viðmiðunarmörk í reglugerð.*

Þegar lögin tóku gildi í upphafi árs 2005 var veitt 230 mkr. í þennan málaflokk. Gert var ráð fyrir að sú upphæð dygði til að verðjafna milli dreifbýlis og þéttbýlisgjaldskrár hjá dýrustu þéttbýlisveitunni sem þó reyndist ekki alveg duga. Í dag er veitt 240 mkr. í þennan málaflokk, en þyrfti að vera um 1100 mkr. til að jafna muninn alveg. Ef þessi munur væri jafnaður yrði raforkuverð til heimila á Íslandi nánast það sama um allt land.

### Jöfnun húshitunarkostnaðar

Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á stjórnvöld að fara að tillögum starfshóps um jöfnun húshitunarkostnaðar, sem starfaði á vegum iðnaðarráðuneytisins og skilaði niðurstöðum í *Skýrslu starfshóps um breytingar á niðurgreiðslum til húshitunar* í desember 2011. Niðurgreiðslur til húshitunar skv. frumvarpi til fjárlaga 2014 eru 1344 mkr., en ættu að vera a.m.k. 1700 mkr. skv. upphaflegu fjármagni til verkefnisins árið 2005.

## Þingskjal 26

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

### Endurnýjun menningarsamninga

58. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 óskar eindregið eftir því við ríkisvaldið að menningarsamningar ríkis og sveitarfélaga á landsbyggðinni verði endurnýjaðir, en þeir renna út í árslok 2013. Menningarsamningur við Vestfirði var fyrst gerður 2007 og hefur reynslan af honum og starfsemi Menningarráðs Vestfjarða verið til fyrirmyndar. Mikilvægt er að við endurnýjun samninga verði heildarfjármagn til stofn- og rekstrarstyrkja aukið verulega.

*Greinargerð:*

Niðurskurður og breytingar sem orðið hafa síðustu ár á stuðningi ríkisins við uppbyggingu og rekstur menningarstofnana á landsbyggðinni hefur orðið til þess að heildarframlög ríkisins til uppbyggingar á Vestfjörðum hafa lækkað umtalsvert, s.s. við tilfærslu á þeim fjármunum sem fjárlaganefnd úthlutaði áður á grundvelli styrkja.

Á Vestfjörðum hefur verið umtalsvert uppbygging á sviði lista og menningartengdrar ferðaþjónustu síðustu tvo áratugi og fjölbreytt varanleg söfn, setur og sýningar, hafa hafið starfsemi. Uppbygging er á mjög viðkvæmu stigi í mörgum þessara verkefna og nauðsynlegt að styrkja stoðir þeirra til að þau nái þeim árangri sem að er stefnt. Á sumum svæðum Vestfjarða eru þessi verkefni á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu lykilþættir við uppbyggingu ferðaþjónustu. Á grundvelli þeirra gefast sóknarfæri í uppbyggingu mennta- og rannsóknatengdrar ferðaþjónustu og þau eru um leið líkleg til að draga til sín önnur verkefni og fólk sem starfar í skapandi greinum, s.s. listafólk, fjölmiðlafólk og fræðimenn.

Með auknum framlögum tækist að skapa betra umhverfi fyrir menningarstofnanir, söfn, setur og sýningar á Vestfjörðum, efla rekstrargrunn þeirra, auk þess að efla og styrkja samspil menningar, ferðapjónustu og fræða. Slík áhersla myndi auka möguleika Vestfjarða á að efla mannlíf og atvinnulíf með uppbyggingu menningarstarfsemi og stuðla að jákvæðri byggðapróun. Um leið skapast tækifæri fyrir vestfirskar menningarstofnanir til að taka virkan þátt í átaki yfirvalda ferðamála um bætt dreifingu ferðamanna um landið og uppbyggingu ferðapjónustu á heilsárs grundvelli.

### **Pingskjal 27**

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

#### **Menntamál**

58. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 skorar á stjórnvöld að efla þær aðgerðir og verkefni sem hrint hefur verið af stað á undanförunum árum til að efla menntunarkosti á Vestfjörðum.

Fullorðinsfræðsla

Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur áherslu á mikilvægi fullorðinsfræðslu fyrir Vestfirði og starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða í því samhengi. Fræðslumiðstöðin hefur auk reglubundinnar starfsemi lagt áherslu á nýsköpun til að mæta breytingum og áföllum í atvinnulífi. Fjórðungsþing Vestfirðinga hvetur stjórnvöld til að styðja framgang verkefnisins „Menntun í norðvesturkjördæmi“.

Framhaldsskóli

Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur áherslu á að haldið sé úti fjölbreyttu bók- og starfsnámi við Menntaskólann á Ísafirði og að ekki sé þrengt að starfsemi skólans með óhagstæðum rekstarmódelum sem miðuð eru við fjölmennari skóla eða stór upptökusvæði fyrir nema. Staðbundið framhaldsnám er hluti af jöfnuði í búsetuskilyrðum landsmanna og öflug starfsemi Menntaskólans á Ísafirði og starfsemi framhaldsdeilda á Patreksfirði og nú á Hólmavík er þar afar mikilvægur þáttur.

Gera þarf iðnnámi hærra undir höfði með því að minnka kröfur um lágmarksfjölda nemenda í hópum.

Meistaránám á háskólastigi

- Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur áherslu á að stjórnvöld leggi Vestfirðingum lið í að efla starfsemi Háskólaseturs Vestfjarða. Háskólasetur Vestfjarða hefur fest í sessi alþjóðlegt meistaranám á sviði haf- og strandsvæðastjórnunar og unnið að þróun nýrra námsleiða með stuðningi Sóknaráætlunar Vestfjarða og Vaxtarsamnings Vestfjarða. Samhliða er rekið öflugt fjárnám í samstarfi við íslenska háskóla auk ýmissar þjónustu við háskólanema.

### **Pingskjal 28**

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

#### **Sauðfjárveikivarnir**

58. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 skorar á Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að tryggja nauðsynlegt fjármagn til að viðhalda sauðfjárveikivarnalínunum. Bent er á að Vestfirðir eru hreint svæði þegar kemur að sauðfjársjúkdómum og til að svo verði áfram er sérstaklega mikilvægt að viðhald á sauðfjárveikivarnargirðingu úr Bíturfirði í Gilsfjörð verði til fyrirmyndar. Þar eru miklir hagsmunir í húfi fyrir sauðfjárrækt á landinu öllu, því sauðfé norðan Gilsfjarðarlínu er keypt til uppbyggingar á sauðfjárstofnum í öðrum landshlutum þar sem skakkaföll hafa orðið.

### Þingskjal 29

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

#### Refa- og minkaveiðar

58. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 leggur til að ábyrgð á refa- og minkaveiðum færist frá sveitarfélögum til ríkisins og ríkið sjái um málaflokkinn á landsvísu. Þannig er hægt að samræma skipulag veiða og greiðslur til veiðimanna auk þess sem betri yfirsýn fæst yfir stöðu mála og möguleikar skapast til að stunda rannsóknir á stærri svæðum.

*Greinargerð*

Eins og staðan er nú er verulegur munur á því hvernig refa- og minkaveiði er sinnt í einstökum sveitarfélögum og á ólíkum landssvæðum. Þyngstar byrðar af þessum málaflokki bera sveitarfélög sem eru víðlend og fámenn, þar sem landbúnaðar skiptir miklu máli og hlunnindi eru af æðarvarpi. Sérstakar aðstæður sveitarfélaga sem eiga land að friðlandi refa á Hornströndum koma þar líka til álita. Ef sveitarfélög eiga áfram að sinna refaveiðum er mikilvægt að ríkisvaldið auki verulega greiðslur vegna fækkunar refa og eyðingar minks og láti af skattlagningu í formi virðisaukaskatts vegna veiðanna.

### Þingskjal 30

- Tillaga lögð fram af Guðbrandi Sverrissyni

#### Refa og minkaveiðar

58. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013, beinir því til stjórnvalda að stuðningur til fækkunar refa og eyðingar minks verði aukinn verulega og stjórnvöld láti af skattlagningu í formi virðisaukaskatts vegna veiðanna. Fjórðungsþing beinir því jafnframt til sveitarfélaga að setja samræmdar reglur um framkvæmd verkefnisins.

*Greinargerð*

Eins og staðan er nú er verulegur munur á því hvernig refa- og minkaveiði er sinnt í einstökum sveitarfélögum og á ólíkum landssvæðum. Þyngstar byrðar af þessum málaflokki bera sveitarfélög sem eru víðlend og fámenn, þar sem landbúnaðar skiptir miklu máli og hlunnindi eru af æðarvarpi. Sérstakar aðstæður sveitarfélaga sem eiga land að friðlandi refa á Hornströndum koma þar líka til álita. Gera verður sveitarfélögum mögulegt að sinna refaveiðum og eyðingu minks eftir því sem þörf er á og því mikilvægt að ríkisvaldið auki verulega greiðslur til verkefnisins og láti af skattlagningu í formi virðisaukaskatts vegna veiðanna

### Þingskjal 31

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

#### Fiskeldi og skelrækt

58. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 skorar á stjórnvöld að hraða úttekt á framkvæmd laga og reglugerða sem sett hafa verið um fiskeldi og skelrækt. Sett verði að markmiði að auka skilvirkni og gegnsæi í framkvæmd mála með úrbótum á reglugerðum og eða breytingu á lögum eftir því sem við á.

Fiskeldi og skelrækt eru vaxtarsprotar í atvinnulífi á Vestfjörðum, til framtíðar litið eru miklar vonir bundnar við að atvinnugreinin verði ein af meginstoðum byggðar á Vestfjörðum. Mikilvægt er að vel takist til við þróun mála atvinnugreinarinnar með tilliti til samfélags, atvinnulífs og umhverfis, þar á setning laga og reglugerða og framkvæmd þeirra mikinn þátt. Fjórðungsping Vestfirðinga lýsir því vonbrigðum yfir töfum og ógagnsæi í leiðbeiningum stjórnáráðs Vestfirðinga við leyfisveitingar.

### **Pingskjal 32**

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

#### **Málefni fatlaðs fólks**

58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 telur að umsýslu og utanumhald með málefnum fatlaðs fólks sé betur fyrir komið í höndum sveitarfélaganna en ríkisvaldsins. Tölulegar staðreyndir sýna hins vegar að fjármagnið sem varið er til málaflokksins á Vestfjörðum er engan veginn að standa undir þeim útgjöldum sem sveitarfélögin þurfa að bera og treystir Fjórðungsping Vestfirðinga því að úr þessu verði bætt hið snarasta, annað er óásættanlegt.

Fjórðungsping undrast jafnframt þá einhliða ákvörðun ríkisvaldsins að leggja af framlag með þjónustuþegum þar sem kostnaður samkvæmt mati er fjórar milljónir króna eða minna. Fjórðungsping telur það óásættanlega framkomu og fer fram á að þessi ákvörðun verði afturkölluð. Ákvarðanir sem þessar ala á tortryggni og virðast til þess eins gerðar að hægt verði að laga ástand sem fyrir yfirfærslu var óviðunandi. Telja verður að sérstakt aukaframlag þurfi að koma frá ríkisvaldinu til þess að vinna bug á biðlistum.

Það er jafnframt álit Fjórðungspings Vestfirðinga að aðferðir við útreikning þjónustuframlaga þurfi að verða gegnsærri. Sú staðreynd að SIS mat er stutt á veg komið er einnig óviðunandi og eykur óvissu í allri áætlanagerð. Misvísandi skilaboð virðast berast frá ríkisvaldi hvað varðar framkvæmd matsins og er það krafa Fjórðungspings að fá skýr svör og að allir þjónustuþegar verði metnir inn í SIS mats kerfið. Breytingar á forsendum samnings á miðju rekstrartímabili er algjörlega óviðunandi og enn eru leikreglur ekki fullkomlega mótaðar.

### **Pingskjal 33**

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

#### **Samgöngur tengja saman fólk og byggðir**

58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið 11. og 12. október 2013 í Trékyllisvík krefst þess að forgangsörðun stjórnvalda beinist áfram að bættum samgöngum á Vestfjörðum.

Í markmiðum Samgönguáætlunar 2011-2022, sem samþykkt var á Alþingi vorið 2012, segir: „Samgöngur tengja saman fólk og byggðir. Í samræmi við sóknaráætlun og svæðaskiptingu landsins verði við forgangsörðun framkvæmda tekið mið af þörfum einstakra svæða fyrir bættar samgöngur til að efla sveitarfélög, styrkja hvert svæði og landið allt.“

Vestfirðingar njóta enn ekki þess sem aðrir landsmenn hafa fengið, sem er að tengja allar byggðir aðalþjóðvegakerfi landsins með heilsársvegi og að tengja saman helstu þéttbýlissvæði á Vestfjörðum.

Til að það náist fram þarf:

5. Að klára vegagerð um Gufudalssveit í Barðastrandarsýslu á Vestfjarðavegi 60.

6. Að standa við áætlanir um gerð Dýrafjarðarganga 2015-2018 og vinna samhliða að endurgerð vegar um Dynjandisheiði.
7. Að standa við áætlanir um uppbyggingu nýs vegar í Árneshreppi í áföngum. Tryggja þarf fjármagn til að flýta framkvæmdum á Veiðileysuhálsi og Bjarnafjarðarhálsi.
8. Að jarðgöng á milli Ísafjarðar og Súðavíkur komist inn á samgönguáætlun, sem næstu jarðgöng á eftir Dýrafjarðargöngum.

Þar að auki leggur Fjórðungsþing áherslu á.

1. Nýjan veg út á Látrabjarg.
2. Hækkað þjónustustig við snjómokstur á vegum á Vestfjörðum um einn flokk.
3. Að skilgreindur verði hringvegur nr. 2 sem nær frá hringvegi nr. 1 við Bröttubrekku um Vestfirði og tengist aftur hringvegi nr. 1 við Staðarskála.

Þá eru endurbætur vega og bætt aðgengi að helstu ferðamannaperlum Vestfjarða brýn nauðsyn, bæði út frá sjónarmiði öryggis og til eflingar ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Viðhald vegakerfisins er mikilvægur öryggisþáttur sem ekki má gleymast.

Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur áherslu á að hvergi verði kvikað frá þeirri framkvæmdaáætlun sem Alþingi samþykkti 2012 og felur í sér flýtingu framkvæmda við Dýrafjarðargöng og á Dynjandisheiði á árunum 2015-2018. Ennfremur að tryggt verði fjármagn á samgönguáætlun til að ljúka framkvæmdum á Vestfjarðarvegi 60 um Gufudalssveit. Ríkisstjórn Íslands ber að vinna í samræmi við vilja þjóðarinnar, sem endurspeglast í samþykkt Alþingis. Aðstæður á Vestfjörðum kalla á bætтар samgöngur sem eru forsenda þróunar og framfara í atvinnumálum og byggðamálum fjórðungsins.

Um leið og Fjórðungsþing metur vel þá áfanga sem unnist hafa á síðustu árum og framkvæmdir sem nú sér fyrir endann á í Steingrímsfirði og í Múlasveit í Barðastrandarsýslu, þá hrópa allar aðstæður í atvinnulífi og mannlífi á Vestfjörðum á það, að landshlutinn njóti forgangs í vegamálum á næstu árum, þar til markmiðum samgönguáætlunar um jákvæða byggðapróun verði náð.

### Um mikilvægi áætlunarflugs og Reykjavíkurflugvallar

Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningsamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Mikilvægi Reykjavíkurflugvallar fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar verður aldrei of oft ítrekað. Brýnt er að standa vörð um þá þjónustu og öryggi sem flugsamgöngur veita íbúum á Vestfjörðum. Álögur á fargjöld í innanlandsflugi hafa stóraukist síðustu ár og brýnt er að endurskoða og minnka þær, svo grundvöllur innanlandsflugs styrkist umfram það sem nú er.

### Um strandsiglingar

Fjórðungsþing Vestfirðinga leggur áherslu á að stjórnvöld haldi vöku sinni og tryggi áframhald sjóflutninga í kringum landið. Mikilvægt skref var stigið á þessu ári þegar skipafélögin hófu á ný siglingar á stærstu hafnir á landsbyggðinni. Sú þjónusta hefur sannað gildi sitt. Tryggja þarf áframhald þeirrar þróunar og að þjónustan nái til fleiri byggðarlaga. Til þess þurfa stjórnvöld á hverjum tíma að vera tilbúin að grípa inn í þróun mála, ef aðstæður krefjast.

### Um fjarskipti og jafnrétti

Fjórðungsþing Vestfirðinga lýsir vonbrigðum með framgang í uppbyggingu ljósleiðaranets á Vestfjörðum. Hringtengt gagnaflutningsnet á grunni ljósleiðara er til framtíðar litið grundvöllur fyrir atvinnuþróun á Vestfjörðum og jöfnun búsetuskilyrða. Hraða þarf uppbyggingu þessa kerfis og fyrsti áfangi verði lagning ljósleiðara til Hólmavíkur og Drangness, en það eru einu þéttbýlisstaðir landsins sem ekki eru tengdir ljósleiðarakerfi landsins, sem er óásættanlegt.

## Pingskjal 34

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

### Ósk um að aðildarviðræður við ESB verði kláraðar

58. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík, 11. og 12. október 2013 harmar þá ákvörðun ríkisstjórnar Íslands að slá aðildarviðræðum við Evrópusambandið á frest.

Pingið skorar á ríkisstjórn Íslands að klára aðildarviðræðurnar við ESB og að besti fánlegur samningur verði borinn upp í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar hefur í för með sér að óvissa ríkir um áframhald IPA verkefnanna. Gríðarleg vinna hefur verið lögð í undirbúning verkefna sem miða öll að því að bæta samkeppnishæfni svæða. IPA verkefni skipta landshlutana verulega miklu máli við eflingu atvinnulífs og byggðar.

Byggðastefna ESB miðar að því að aðstoða hvert svæði við að nýta getu sína til fullnustu með því að bæta samkeppnishæfni og efla atvinnulíf. Það er gert með verulegu fjármagni og aðferðafræði sem gæti nýst okkur Íslendingum afar vel.

## Pingskjal 35

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

### Aflamark úthafsækju

58. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11. og 12. október 2013 hafnar alfarið þeirri leið sem ráðherra sjávarútvegsmála hefur boðað í úthlutun aflamarks í úthafsækju. Verði fyrirætlanir ráðherra samþykktar verður það til stórtjóns fyrir rækjuíðnaðinn á Vestfjörðum.

## Pingskjal 36

- Lagt fram af Allsherjarnefnd

### Gjögurflug

58. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 vekur athygli á að flug á Gjögurflugvöll uppfyllir ekki reglur og samninga sem í gildi eru. Á tímabilinu 1. júní til 1. október er flogið á einshreyfilsvél á flugleið Rvk – Gjögur og þar með er verið að leggja farþega í óásættanlega hættu. Flugfélagið Ernir er með sérleyfi á leiðinni fyrir fraktflug og farþegaflug. Pingið krefst þess að úr þessu verði bætt hið snarasta.

## Pingskjal 37

- Lagt fram af Fjórðungsmálanefnd

### Markaðsátak fyrir Vestfirði

58. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 leggur til að sveitarfélögin á Vestfjörðum fari í sameiginlegt markaðsátak til að vekja athygli á Vestfjörðum sem ákjósanlegum áfangastað ferðamanna og ýta undir jákvæða ímynd.

### Greinargerð:

Fyrrihluta árs 2011 var lögð fram tillaga af Markaðsstofu Vestfjarða um að farið yrði í stórt sameiginlegt markaðsátak í tengslum við ferðaþjónustu á svæðinu, um var að ræða þriggja ára verkefni sem fjármagnað yrði af sveitarfélögunum, Vaxtarsamningi Vestfjarða og fyrirtækjum.

Heildarkostnaður átaksins átti að vera 40 milljónir, þar sem kostnaður sveitarfélaganna var 20 milljónir. Verkefnið fór aldrei af stað vegna þess að ekki fékkst endanlegt samþykki allra sveitarfélaganna á Vestfjörðum.

Fjórðungsþing leggur til að markaðsfulltrúa verði falið að útfæra verkefnið nánar ásamt stjórn sambandsins og leggja aðgerða- og kostnaðaráætlun fyrir sveitarfélögin við fyrsta tækifæri vegna fyrirbyggjandi fjárhagsáætlunargerðar sveitarfélaganna.

### **Þingskjal 38**

- Lagt fram af Fjórðungsmálanefnd

#### **Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða**

58. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013, leggur til áframhald á samvinnu sveitarfélaganna á Vestfjörðum um gerð nýtingaráætlunar fyrir strandsvæði Vestfjarða og aðkomu ríkisins að þeirri vinnu. Áætluninni er ætlað að fyrirbyggja hagsmunaaðreksstra og draga úr álagi á umhverfi vegna nýtingar, ásamt því að auka samkeppnishæfni svæðisins og snúa þannig við neikvæðri mannfjöldaþróun síðustu 30 ára. Gerð nýtingaráætlunarinnar samræmist þeim ásetningi sveitarfélaga á Vestfjörðum að efla svæðið með sameiginlegri stefnumótun er byggja á styrkleikum svæðisins og þeim auðindum sem þar er að finna, ekki síst á haf- og strandsvæðum.

***Í ljósi þess að sveitarfélög hafa ekki skipulagsvald á strandsvæðum er lagt til að sveitarfélögin greiði 10% af kostnaði við verkefnið og ríkisvaldið 90%. Ríkisvaldið hefur mikilla hagsmuna að gæta á strandsvæðunum líkt og sveitarfélögin og skörun við önnur verkefni er umtalsverð.***

*Greinargerð:*

Í raun er hér um að ræða skipulagsáætlun og yrði nýtingaráætlunin brautryðjendaverkefni á Íslandi, til þess fallin að skipa Íslandi á bekk með Norðurlöndunum og fleiri Evrópuþjóðum hvað varðar skipulag strandsvæða, en strandlengja Vestfjarða er þriðjungur af strandlengju Íslands.

Þar sem sveitarfélögin hafa enn ekki skipulagsvald út fyrir netlög yrði slík nýtingaráætlun yfirlýsing sveitarfélaganna um hvernig þau vilja að strandsvæðin séu nýtt. Áætlunin myndi einnig veita leyfisveitendum, eftirlitsaðilum, notendum og íbúum gott aðgengi að hagnýtum grunnupplýsingum um náttúrufar og núverandi nýtingu svæðisins. Vinnan mun auk þess nýtast opinberum aðilum beint við:

- Frekari söfnun grunnupplýsinga og uppbyggingu þekkingar á strandsvæðinu
- Endurskoðun laga um skipulag og stjórnsýslu á haf- og strandsvæðum
- Gerð hafskipulags
- Gerð og endurskoðun landsskipulagsstefnu
- Framkvæmd laga um stjórn vatnamála
- Skráningu og utnumhald á núverandi nýtingu haf- og strandsvæða

Verkefnið er áfangaskipt þannig er nýtingaráætlun fyrir Arnarfjörð í lokauglýsingu en nú er að hefjast vinna við Ísafjarðardjúp og Jökulfirði. Með verkefninu hefur verið þróuð aðferðarfræði sem lögð er til grundvallar næstu áföngum. Verkefnið hefur notið víðtæks stuðnings á meðal íbúa, hagsmunaaðila og hins opinbera og hefur það auðveldað alla vinnu þess.

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa ályktað um skipulagsmál utan lögsögu sveitarfélaga. Þau telja rétt að þau öðlist skipulagsvald á strandsvæðunum, þ.e. að einni sjómílu út fyrir grunnlínupunkta landhelginnar. Um þetta eru eflaust skiptar skoðanir en þetta ætti þó ekki að spilla fyrir framhaldi

verkefnisins, því það liggur fyrir að opinberar stofnanir munu þurfa að ráðast í verk sem skarast við innihald nýtingaráætlunarinnar.

Samvinna ríkis og sveitarfélaga er mikilvæg til að gæta samræmis í stefnu þeirra, þ.e. samræmingu nýtingaráætlunar við landsskipulagsstefnu og hafskipulag, þegar og ef það tekur gildi. Nýtingaráætlunin getur þannig orðið hluti af hafskipulagi, nánari útfærsla þess eða grunnur sérstaks strandsvæðaskipulags. Nánari útfærslur yrðu gerðar í samningi á milli stofnana, ráðuneyta og Fjórðungssambands Vestfirðinga.

### Þingskjal 39

- Lagt fram af Fjórðungsmálanefnd

#### Svæðisskipulag Vestfjarða

58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 skorar á sveitarfélög á Vestfjörðum að sammælast um að hefja gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði og gera ráð fyrir verkefninu við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélaganna. Fjórðungsping felur stjórn að taka saman greinargerð á grundvelli stefnumörkunar 58. Fjórðungspings Vestfirðinga. Í greinargerð verði sett fram tillaga um umfang svæðisskipulags og kostnað við framkvæmd þess. Greinargerðin verði lögð fyrir sveitarfélög á Vestfjörðum fyrir miðjan nóvember á þessu ári.

### Þingskjal 40

- Lagt fram af Fjórðungsmálanefnd

#### Svæðasamstarf og sameiningarmál sveitarfélaga

58. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11.-12. október 2013 felur stjórn FV að stofna starfshóp sveitarfélaga á Vestfjörðum til að hefja viðræður um aukna samvinnu sveitarfélaga á Vestfjörðum og hugsanlegan grundvöll fyrir sameiningu þeirra á næstu árum. Starfshópnum verði einnig falið að hefja viðræður við stjórnvöld um gerð langtímasamnings um tilflutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga og verkefni á sviði samgangna og fjarskipta.

### Þingskjal 41

- Lagt fram af Fjórðungsnefnd

#### Samþykktir Fjórðungssambands Vestfirðinga

##### 1. gr. Heiti og heimili.

Samtökin nefnast Fjórðungssamband Vestfirðinga. Starfsvæði Fjórðungssambandsins er Vestfirðir allir að Brekkuá í Gilsfirði að vestan og austur um að Stikuhálsi milli Bitru og Hrutafjarðar.

Heimili og varnarþing sambandsins er á Ísafirði.

##### 2. gr. Hlutverk.

Fjórðungssamband Vestfirðinga eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Vestfjörðum og starfar með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Markmið sambandsins eru:

- að efla og styðja við búsetu, mannlíf og atvinnulíf á Vestfjörðum.
- að vera sameiginlegur málssvari sveitarfélaga á Vestfjörðum og vinna að hagsmunum og samstarfi þeirra.



## 58. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 11. og 12. október 2013 í Trékyllisvík

Pinggerð

- að efla samvinnu sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna.
- að vinna að sameiginlegum málum er löggjafinn kann að fela þeim.

Málaflokkar sem Fjórðungssamband Vestfirðinga fæst við snúa að byggðaðbróun og atvinnumálum, menningarmálum, markaðsmálum og kynningu Vestfjarða. Heimilt er að stofna og starfrækja ráð og nefndir til að sinna afmörkuðum verkefnum og hafa samvinnu um vinnu við tiltekna málaflokka á grundvelli samninga.

Sambandið skal starfa í samvinnu við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga og samstarfsnefndir sveitarfélaga á Vestfjörðum auk annarra félaga og stofnana sem starfa á vestfirsku vísu, eftir því sem við á.

### 3. gr. *Fjórðungsping Vestfirðinga.*

Ársfundur Fjórðungssambands Vestfirðinga nefnist Fjórðungsping Vestfirðinga. Fjórðungsping skal kallað saman árlega, eigi síðar en í október. Stjórn boðar til þingsins með minnst fjögurra vikna fyrirvara og skal dagskrá send sveitarstjórnnum eigi síðar en tíu dögum fyrir þingið. Þingið er lögðmætt ef löglega er til þess boðað. Fjórðungsping Vestfirðinga setur sér þingsköp í samræmi við samþykktir sambandsins.

Stjórn er heimilt að bjóða til Fjórðungspings aðilum, sem tengjast umfjöllun og starfi sambandsins og hafi þeir málfrelsi og tillögurétt.

Aukaping skulu haldin þegar stjórn sambandsins telur ástæðu til svo og þegar fjórðungur sveitarfélaga innan sambandsins óskar þess, enda sé fundarefni tilgreint. Boðað skal til aukapings með a.m.k. viku fyrirvara og skal aukaping haldið innan tveggja mánaða frá því að beiðni berst.

### 4. gr. *Fulltrúar á Fjórðungsping og atkvæðavægi.*

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á Fjórðungsping og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir sem fulltrúar á Fjórðungsping eru aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra jafnmargir að tölu.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa jafnmarga fulltrúa og skipa sveitarstjórn hverju sinni og jafnmarga til vara til setu á Fjórðungspingi. Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert, margfaldaðri með vogtölu sveitarfélagsins. Vogtala ákvarðast þannig:

Sveitarfélag með 200 íbúa eða færri	Vogtala 3.0
Sveitarfélag með 201-500 íbúa	Vogtala 2.0
Sveitarfélag með 501-1000 íbúa	Vogtala 1.5
Sveitarfélag með fleiri en 1000 íbúa	Vogtala 1.0

Heimilt er sveitarstjórn að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa. Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um kjör fulltrúa á Fjórðungsping.

### 5. gr. *Stjórn Fjórðungssambandsins.*

Á fyrsta Fjórðungspingi eftir sveitarstjórnarkosningar skal kjósa fimm menn í stjórn sambandsins og jafn marga til vara og skal kjörtímabil stjórnar vera tvö ár. Kjörgengir til stjórnar eru aðal- og varafulltrúar í sveitarstjórnnum á Vestfjörðum.

Úr hópi kjörinna stjórnarmanna kys Fjórðungsping formann stjórnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnarformaður, sem gegnt hefur formennsku í fjögur ár samfleytt, er ekki kjörgengur til formannskjörs fyrr en að jafnlöngum tíma liðnum.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer með yfirstjórn á rekstri sambandsins í samræmi við

## 58. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 11. og 12. október 2013 í Trékyllisvík

Pinggerð

fjárhagsáætlun og aðrar samþykktir. Stjórn vinnur að framkvæmd mála sem Fjórðungsping ákveður hverju sinni eða lög frá Alþingi segja til um. Stjórn er heimilt að hafa frumkvæði að málum og taka upp mál sem sveitarfélög innan sambandsins beina til hennar og varða hagsmuni vestfirskra sveitarfélaga.

### 6. gr. Framkvæmdastjóri.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga ræður framkvæmdastjóra sambandsins og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning. Framkvæmdastjóri veitir skrifstofu sambandsins forstöðu og hefur á hendi fjármálastjórn. Framkvæmdastjóri á sæti á Fjórðungspingi og stjórnarfundum með fullu málfrelsi og tillögurétti. Hann skal leggja fram starfsskýrslu á Fjórðungspingi. Framkvæmdastjóri ræður aðra fastráðna starfsmenn sambandsins í samráði við stjórn, markar starfssvið þeirra og gerir við þá ráðningarsamninga, eftir því sem við á.

### 7. gr. Ársreikningur.

Reikningsár sambandsins er almanaksárið.

### 8. gr. Dagskrá Fjórðungspings.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal undirbúa og hafa umsjón með Fjórðungspingi.

Stjórnin leggur fyrir Fjórðungsping endurskoðaða ársreikninga, tillögu til fjárhagsáætlunar og undirbýr önnur mál fyrir þingið. Bæði reikningarnir og fjárhagsáætlunin skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 10 dögum fyrir Fjórðungsping. Á dagskrá Fjórðungspings skulu vera þessi mál;

1. Skýrsla stjórnar og rekstareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og ákvörðun um árstíllag.
4. Starfsáætlun fyrir komandi ár.
5. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns (annað hvert ár).
6. Kosning í fastanefndir.
7. Laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
8. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis.
9. Önnur mál löglega fram borin.

Árstíllag sveitarfélaganna til sambandsins skal vera tiltekin upphæð á hvern íbúa viðkomandi sveitarfélags miðað við 1. janúar ár hvert. Gjald dagar skulu vera 15. dags hvers mánaðar með jöfnum greiðslum yfir árið. Sé gjaldið ekki greitt fyrir 1. dag næsta mánaðar skal reikna dráttarvexti frá gjalddaga.

### 9. gr. Fastanefndir

Á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga starfa tvær fastanefndir, Fastanefnd um samgöngumál og Menningarráð Vestfjarða. Á Fjórðungspingi skulu kosnir fimm fulltrúar og fimm til vara í hvora þeirra. Formann nefndar um samgöngumál skal kjósa sérstaklega úr hópi stjórnar sambandsins. Kjörtímabil nefnda skal vera tvö ár og fylgir kosningu stjórnar samanber 5. gr. Þá skal Fjórðungsping kjósa fulltrúa sambandsins í aðrar nefndir og ráð.

### 10. gr. Kostnaður.

Kostnaður við stjórn sambandsins, fundarhöld, ferðalög stjórnar og annar sameiginlegur kostnaður greiðist af sambandinu. Þóknanir vegna setu í stjórn, nefndum og ráðum skulu ákveðnar á Fjórðungspingi.

Hvert sveitarfélag greiðir ferðakostnað eigin fulltrúa.

## 58. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 11. og 12. október 2013 í Trékyllisvík

Pinggerð

### 11. gr. *Breytingar á samþykktum.*

Tillögur til breytinga á samþykktum þessum skulu sendar aðildarsveitarfélögum með dagskrá þingsins. Breyta má lögum þessum á Fjórðungspingi og þarf 2/3 hluta gildra atkvæða til að breyting nái fram að ganga.

### 12. gr. *Um aðild og úrsögn.*

Sækist sveitarfélag eftir aðild að sambandinu skal það senda umsókn til stjórnar sambandsins eigi síðar en mánuði fyrir Fjórðungsping og skal leggja umsóknina fyrir þingið. Meirihluta atkvæða þarf fyrir samþykki um aðild. Ef umsókn um aðild er samþykkt skal hún taka gildi næstu áramót eftir Fjórðungsping.

Sveitarfélag sem hefur fengið samþykka aðild skal greiða fyrir eignarhlut sinn í sambandinu í hlutfalli við íbúafjölda, miðað við 1. janúar. Miða skal við hreina eign sambandsins, miðað við síðustu áramót.

Kjósi sveitarfélag að hætta þátttöku í sambandinu, skal tilkynna það stjórn eigi síðar en sex mánuðum fyrir Fjórðungsping og tekur úrsögnin gildi um næstu áramót á eftir. Á kosningaári til sveitarstjórna skal úrsögn tilkynnast fyrir 1. júlí. Við úrsögn skal reikna út eignarhlut eða skuld sveitarfélags í sambandinu. Greiðsla til sveitarfélags, eða frá sveitarfélagi, skal vera í hlutfalli við íbúafjölda. Hætti sveitarfélag þátttöku í sambandinu þá skal jafnframt fara fram endurskoðun á samþykktum þessum.

### 13. gr. *Slit.*

Fjórðungssambandið verður ekki lagt niður nema tvö löglega boðuð Fjórðungsping samþykki það með 2/3 hluta atkvæða. Þingin skulu haldin með a.m.k. þriggja mánaða millibili. Tillaga að slitum sambandsins skal fylgja fundarboði. Áður en seinni fundurinn er haldinn skal afstaða aðildarsveitarfélaga til slitanna liggja fyrir. Til þess að slit á sambandinu nái fram að ganga þurfa 2/3 hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að staðfesta þau.

### 14. gr. *Gildistökuákvæði*

Samþykkt á 58. Fjórðungspingi Vestfirðinga 12. október 2013. Samþykktir þessar taka gildi þann 1. janúar 2014.

## Þingskjal 42b

- Lagt fram af Fjárhagsnefnd

Ársreikningur Markaðsstofu Vestfjarða 2012, sjá samnefnt fylgiskjal.

## Þingskjal 42a

- Lagt fram af Fjárhagsnefnd

Ársreikningur Menningarráðs Vestfjarða 2012, sjá samnefnt fylgiskjal.

## Þingskjal 42c

- Lagt fram af Fjárhagsnefnd

Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2012, sjá samnefnt fylgiskjal.

Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2013 og áætlun 2014

58. Fjórðungsping Vestfirðinga, 11. og 12. október 2013 Þingskjal 43 áður 3

Áætlun Endursk Áætlun

## 58. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 11. og 12. október 2013 í Trékyllisvík

Pinggerð

	57. fj.þings	2013	2014
<b>Almennar tekjur</b>			
Framlag sveitarfélaga	9.500	9.500	9.500
Framlag sveitarfélaga til Atvest	4.500	4.500	6.500
Framlag sveitarfélaga til menningarsamnings	9.900	9.900	9.900
Framlag sveitarfélaga til markaðsstofu	5.800	5.800	5.800
Framlag Jöfnunarsjóðs	21.000	21.600	22.200
Framlag Jöfnunarsjóðs vegna Sóknaráætl. Landshluta	1.415	3.500	3.500
Hlutdeild MMR í rekstri menningarsamnings	2.700	2.700	2.300
<b>Samtals almennar tekjur</b>	<b>54.815</b>	<b>57.500</b>	<b>59.700</b>

### Framlög til verkefna FV

Samningur um atvinnu og byggðapróun		28.651	38.200
Menningarsamningur	0	40.400	32.400
Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks	1.000	1.000	1.000
<b>Samtals framlög til verkefna FV</b>	<b>1.000</b>	<b>70.051</b>	<b>71.600</b>

### B. Framlög vegna samningsverkefna

Almenningssamgöngur	<b>25.700</b>	28.725	<b>29.469</b>
Markaðstofa Vestfjarða	<b>0</b>	9.182	<b>8.852</b>
Sóknaráætlun landshluta	<b>0</b>	50.000	<b>50.000</b>
Umhverfissvottun sveitarfélaga	<b>700</b>	1.300	<b>2.000</b>
<b>Samtals framlög v. Samningsverkefna</b>	<b>26.400</b>	<b>89.207</b>	<b>90.321</b>

### Fastur kostnaður

Laun og tengd gjöld	32.472	33.300	39.864
Lífeyrisskuldbinding	4.129	4.129	4.256
Samtals laun og launatengd	36.601	37.429	44.120
Annar skrifstofukostnaður	6.610	13.412	11.193
<b>Samtals Fastur Kostnaður</b>	<b>43.211</b>	<b>50.841</b>	<b>55.313</b>

### Verkefnakostnaður A. af rekstri FV

Þjónustusamningur Atvest	4.500	34.151	44.700
Menningarráð	0	40.400	32.400
Samgöngunefnd FV	700	1.133	728
Markaðsstofa Vestfjarða	1.000	3.200	1.000
Önnur verkefni	1.415	450	300
<b>Samtals A. verkefni af rekstri FV</b>	<b>7.615</b>	<b>79.334</b>	<b>79.128</b>

### Verkefnakostnaður B. samningsverkefni

Almenningssamgöngur	24.000	26.794	29.469
Markaðsstofa Vestfjarða v. Ferðamálastofu og Ferðamálasamt. Vestfj	7.200	9.182	8.852
Sóknaráætlun landshluta	0	44.700	50.000
Nýtingaráætlun strandsv	0	3.000	0
Vestfjarðaklasi	0	2.300	0

## 58. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 11. og 12. október 2013 í Trékyllisvík

Þinggerð

Umhverfissvottun	160	1.300	2.000
<b>Samtals B. samningsverkefni</b>	<b>31.360</b>	<b>87.276</b>	<b>90.321</b>

	Áætlun		
	57.	Endursk	
	2013	2013	2014
Reglulegar tekjur	54.815	57.500	59.700
Fastur kostnaður	36.601	37.429	44.120
Annar kostnaður skrifstofu	6.610	13.412	11.193
Verkefnavinna starfsmanna FV	0	-4.460	-2.000
Útlagt vegna verkefnavinnu FV	0	-1.080	0
Afkoma fyrir verkefni	11.604	12.199	6.387
Framlög til verkefna samkvæmt samþykkt Fj.þings	1.000	70.051	71.600
Útgjöld vegna verkefna samkvæmt samþykkt Fj.þings	7.615	79.334	79.128
<b>Afkoma rekstar</b>	<b>4.989</b>	<b>2.916</b>	<b>-1.141</b>
Verkefnatekjur	26.400	89.207	90.321
Verkefnagjöld	31.360	87.276	90.321
Afkoma verkefna	-4.960	1.931	0
<b>Afkoma í heild</b>	<b>29</b>	<b>4.847</b>	<b>-1.141</b>
Árstillag, framlag sveitarfélaga til FV	1.351	1.351	1.351
Árstillag, framlag sveitarfélaga atvest	640	640	924
Árstillag, sveitarfélaga til menningarsamnings	1.408	1.408	1.408
Árstillag sveitarfélaga til markaðsstofu	825	825	825
Umhverfissvottun	0	0	284
<b>Árstillaga í heild</b>	<b>4.224</b>	<b>4.224</b>	<b>4.793</b>
Íbúar 1. jan 2013 voru 7.021			

### Þingskjal 43

- Lagt fram af Fjárhagsnefnd

Ársreikningur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks 2012, sjá fylgiskjal.